

Námskrá Auðarskóla 2011 -2012

Námsgreinar

1. bekkur

Öll markmið náms og kennslu byggja á markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Hægt er að finna Aðalnámskrá í heild sinni á vef Menntamálaráðuneytisins www.mrn.stjr.is (veljið hnappinn Námskrár).

Íslenska

1. b

Markmið:

- Að nemandi nái valdi á frumpáttum móðurmáls, þ.e. töluðu máli og hlustun, lestri og ritun, eftir því sem þroski þeirra leyfir. Þessir þættir styðja hvern annan, tengjast og skarast.
- Að nemandi læri að bera virðingu fyrir málinu og geti tjáð öðrum skoðanir sínar.
- Að nemandi þjálfist í að nota hugtök íslenskunnar s.s. rím og hrynjandi í bókstöfum, orðum og setningum.
- Að nemandi læri heiti og hljóð stafanna og nái að tengja saman.
- Að þroska og þjálfra skrift og ritun sem nýtist í skólasterfinu og síðar í lífinu.

Námsefni:

Við lesum A + vinnubók
Listin að lesa og skrifa –
lestrarbækur, vinnubækur, spil,
setningamyndun o.fl.
Ýmsar léttlestrarbækur
Ýmis verkefni
Kennsluforrit
Markviss málörvun
Sögur, kvæði og þulur

Að leika og látast
Myndaspjöld
Myndbönd og geisladiskar
Sögubókin mín
Orðasafnið mitt
Ritþjálfí
Ritrún

Kennslutilhögun:

Íslenska er kennd á hverjum degi og við erum stöðugt að þjálf okkur í henni. Í upphafi skólaárs verður lögð áhersla á heiti og hljóð stafanna og lestrarþjálfun. Stuðst er við svokallaða hljóðlestraraðferð þar sem nemendur læra hljóð og tákni og tengja saman hljóðin auk þess sem unnið verður með orðmyndir, setningamyndun o.þ.h. Málörvun er mjög fyrirferðarmikil allt árið, söngur, tjáning og leikir. Í ritun verður lögð áhersla á að draga rétt til stafs og vandvirkni. Nemendur fá innlögn frá kennara og vinna svo hin ýmsu verkefni í tengslum við það.

Heimanám:

Verður í formi lestrar, ritunar og skriftar. Áhersla er lögð á daglegan heimalestur.

Námsmat:

Vinna og verkefni nemenda verða metin jafnt og þétt. Könnun á lestrarfærni er lögð fyrir 3-4 sinnum yfir veturinn og könnun á lesskilningi er lögð fyrir þrisvar (Læsi).

Markmið:

- Að nemandi þrói með sér hugmyndir stærðfræðinnar.
- Að nemandi þekki og geti skrifað tölur og tákni stærðfræðinnar (s.s. tölustafir, plús, mínus, minna en, meira en, jafnt og).
- Að nemandi geti skilið og notað stærðfræði í hinu daglega lífi.
- Að nemandi læri að rannsaka, framkvæma og tjá hugmyndir sínar og skoðanir um stærðfræðina.

Námsefni:

Kátt er í Kynjadal
Eining 1 og 2 ásamt
aukaverkefnum
Sproti 1 og 2
Ýmis ljósrit
Tölvuforrit

Kubbar
Smáhlutasöfn
Kennslupeningar
Ýmis verkefnahefti og kennslugögn
við hæfi hvers og eins

Kennslutilhögun:

Farið verður í stærðfræði daglega. Námið byggist á reynslu og þekkingu nemenda. Nemendur vinna verkefni ymist einir eða í litlum hópum. Unnið verður að því að nemendum verði tamt að nota hugtök stærðfræðinnar og að þeir geti tjáð sig um niðurstöður sínar munnlega, skriflega og með ápreifanlegum hlutum.

Heimanám:

Nemendur fá af og til verkefni heim til úrlausnar.

Námsmat:

Vinna og verkefni nemenda verða metin jafnt og þétt.
Kannanir lagðar fyrir nokkrum sinnum yfir veturinn.

Markmið:

Að nemendur:

- vinni með nánasta umhverfi, bæði manngert og náttúrulegt.
- kynnist örnefnum í nánasta umhverfi skólans.
- kynnist gerð líkamans og starfsemi.
- kynnist landinu Íslandi í víðu samhengi og tengslum við önnur lönd og þjóðir.
- læri að hlusta á aðra og bera fram spurningar um námsefnið.

Námsefni:

Komdu og skoðaðu líkamann

Komdu og skoðaðu umhverfið

Komdu og skoðaðu land og þjóð

Kennslutilhögun:

Námsefni í samfélags- og náttúrufræði er að miklu leyti tengt. Nemendur fá tvær kennslustundir í hvoru fagi og fer það eftir viðfangsefnum hversu mikil samþætting verður. Kennslustundir fara fram í kennslustofu bekkjarins auk þess sem nemendur taka þátt í vettvangsnámi í nánasta umhverfi skólans.

Heimanám:

Ekki áætlað.

Námsmat:

Símat.

Markmið:

Megináhersla er lögð á:

- Grundvallargildi kristilegs siðgæðis.
- Að nemendur kynnist einföldum frásögnum úr Gamla og Nýja testamentinu
- Að nemendur viti hvað aðventa merkir og þekki siði sem tengjast henni
- Að nemendur vinni úr viðfangsefnum sem tengjast vináttu, fyrirgefningu, umburðarlyndi, jafnrétti og nærgætni.

Námsefni:

Undrið

Regnboginn

Kennslutilhögun:

Tímarnir byggjast fyrst og fremst á hlustun, umræðum og myndrænni úrvinnslu. Í umræðum er mikið komið inn á siðfræðilega þætti með hliðsjón af námsefni og það yfirfært á daglegt líf.

Heimanám:

Ekki áætlað.

Námsmat:

Símat

Markmið:

- Nemandi á að geta notað einföld áhöld og tæki og vita hvað ber að varast við notkun þeirra.
- Nemandi temji sér að vinna í sátt og samlyndi.
- Nemandi temji sér hreinlæti í verki og beri ábyrgð á frágangi eftir sig.
- Nemandi fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum.
- Nemandi geri sér grein fyrir að góð næring er undirstaða góðrar heilsu.

Námsefni: Heimilisfræði fyrir byrjendur
Fæðuhringurinn veggspjald
Komdu og skoðu eldhúsið

Kennslutilhögun:

Nemendum er skipt í hópa og hver hópur fær skilgreint verkefni, oft skriflegt í formi ákveðinnar uppskriftar eða munnlegrar sem útheimtir leit í námsgögnum. Mikil áhersla er lögð á samvinnu nemenda innan hóps. Verkleg og bókleg verkefni.

Heimanám:

Ekkert

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Þá eru einnig verkefni og vinnubækur nemenda metnar. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því undir símat.

Markmið:

Aðalmarkmið með íþróttakennslu á yngsta stigi er að auka áhuga nemenda fyrir hreyfingu almennt. Auka félags- og hreyfingroska nemenda með þátttöku í leikjum og æfingum sem reyna á þessa þætti. Ennfremur er kennt um hollar lífsvenjur, s.s. matarræði, svefnvenjur og gildi hreyfingar. Einnig er stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda til að fara eftir reglum og fyrirmælum.

Námsefni:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, íþróttir, líkams,- og heilsurækt 2007.

Kennslutilhögun:

Íþróttirnar skiptast í grófum dráttum niður í 50% leiki af ýmsum toga á móti boltaleikjum og fimleikaæfingum. Kennsla fer fram í íþróttahúsinu á Laugum, Dalabúð og utandyra í Búðardal og á Laugum.

Námsmat:

Ástundun, virkni og hegðun í tímum 50%, stöðugt mat allan veturinn. 50% ýmis próf og mælingar yfir veturinn. Gefin er einkunn í heilum og hálfum tölustöfum.

Markmið:

- Að efla félags- og tilfinningabroska nemenda.
- Að nemandi læri tillitssemi og að hlusta á aðra.
- Að nemandi læri að setja sig í spor annarra og sjá fyrir afleiðingar gerða sinna.
- Að nemandi þjálfí sjálfsstjórn.

Námsefni:

Spor 2

Að leika og látast

Kennslutilhögun:

Lífsleikni er í raun órjúfanlegur þáttur í öllum námsgreinum/skólastarfi en auk þess er fastur vikulegur tími í lífsleikni þar sem m.a. verður unnið með sögur sem reyna á að setja sig í spor annarra, finna lausnir á ýmsum málum, sögur sem þjálfá tjáningu og túlkun o.fl. Umræður skipa stóran sess í lífsleiknináminu auk þess sem nálgun á viðfangsefni verður oft í gegnum leik, leikræna tjáningu og með myndrænni úrvinnslu.

Bekkjarfundir eru áætlaðir í þriðju hverri viku en þá er m.a. rætt um skólastarfið, líðan, vinskap og fleira.

Heimanám:

Ekki áætlað.

Námsmat:

Fylgst með virkni og þátttöku nemenda.

Markmið:

- Geti búið til nytjahluti með listrænum áherslum.
- Sýni skilning á mikilvægi þess að fylgja vinnureglum á vinnustað.
- Geri verkefni sín persónuleg með eigin hugmyndum.
- Sýni vinnu annara virðingu.
- Þekki og þjálfast í notkun einföldustu verkfæra

Námsefni:

Kennslutilhögun: Verkleg kennsla í smíðastofu.

Heimanám: Ekkert.

Markmið:

Að nemendur nái að aðlagst vatninu á jákvæðan hátt í gegnum leik og æfingar. Að nemendi geti farið í kaf. Einnig er farið yfir umhirðu líkamans fyrir og eftir sundtíma. Ennfremur er farið yfir öryggi á sundstað.

Námsefni:

Skólasund (Kennarahandbók), námsgagnamappa í skólasundi fyrir 1.-10. bekk og Aðalnámskrá Grunnskóla íþróttir, líkams. – og heilsurækt.

Kennslutilhögun:

Á yngsta stigi er megináhersla lögð á jákvæða upplifun í sundtímum. Og að nemendur njóti þess að mæta í sund. Neðangreindum þáttum er reynt að ná fram í gegnum leik og léttar æfingar sem efla styrk, jafnvægi og þor.

Sundstig I

Öndunaræfingar – inn og útöndun 10x.

Flotæfingar á bringu og baki, með/án hjálpartækja.

Bringusundsfótatök við bakka.

Skriðsundsfótatök við bakka, með/án hjálpartækja.

Ganga með andlit í kafi 2 m eða lengra.

Námsmat:

Ástundun, virkni og hegðun í tímum 50% og próf 50%

Gefið er fyrir með umsögninni sundstigi 1 lokið/ólokið.

Markmið:

- Nemandi geti nýtt sér nokkrar vinnuaðferðir greinarinnar og geti beitt til þess einföldum áhöldum.
- Nemandi geri sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut.
- Nemandi læri hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefninu og geti unnið eftir leiðbeiningum kennara.

Námsefni:

Nálar, garn, þrjónar, saumavél, tau, litir og fleira þessu tengt.

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna skylduverkefni hver fyrir sig þar sem þau læra mismunandi sporgerðir í útsaumi og undirstöðuatriði í sambandi við saumavél. Nemendur tileinka sé nokkur hugtök textílfraeðinnar. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að umgangast efni og beita áhöldum á réttan hátt, bæði við vinnu og er þau ganga frá eftir sig.

Heimanám:

Ekkert

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Við mat á verkefnum nemenda er tekið tillit til þátta eins og framfara, sjálfstæðis, frumkvæðis og samstarfshæfni. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því undir símat.

Markmið:

- Að efla áhuga og vitund nemenda á allskonar tónlist með því að kenna þeim vísur og lög og vekja áhuga þeirra á því að syngja.
- Að nemendur læri að tileinka sér fyrstu skrefin í nótnalestri/skrift.
- Að nemendur læri að skynja tónlistina á ýmsa vegu t.a.m. í gegnum hlustun, dans og notkun skólahljóðfæra.
- Að efla taktskyn nemenda með notkun skólahljóðfæra og hreyfileikja í takt við tónlist.
- Að efla sköpunargáfu nemenda með því að tjá tónlistina í gegnum myndsköpun.

Námsefni:

Það var lagið, sem er hugmyndaefni í tónmennt fyrir 1. – 4. bekk. Leikum og syngjum, Flautan og litirnir. Allskonar textar og sönglög héðan og þaðan. Ýmis tónverk s.s. Karnival dýranna. Ýmis konar bækur, blöð og verkefni úr öllum áttum.

Kennslutilhögun:

Kennsla fer fram í gegnum; hlustun, söng, dans, leiki, sköpun og notkun skólahljóðfæra (orff hljóðfæri). Jafnframt þessu vinna börnin alls konar tónlistartengd verkefni.

Heimanám:

Hlusta á ýmiss konar tónlist, leika, dansa og syngja.

Námsmat:

Virkni, áhugi, hegðun og hæfileikar til samvinnu eru þeir þættir sem mestu máli skipta í sambandi við námsmat.

Kórstarf:

Áhugasömum nemendum gefst kostur á að taka þátt í kórstarfi.

Kórstarfið er vettvangur þar sem æfð eru ýmis kórlög. Markmið með kórstarfi er að hafa gaman saman í söng.

Markmið:

Megináhersla er lögð á að nemendur kynnist uppbyggingu lyklaborðs og öðlist grunnfærni í fingrasetningu (þekki heimalyklana og geti skráð einföld orð), kynnist einföldum aðgerðum í vinnu með tölvur, tileinki sér rétta umgengni í tölvustofunni, hugi að réttri líkamsstöðu og læri að vinna með ýmis kennsluforrit sem hæfa aldri og þroska.

Námsefni:

Á músarslóð 1

Fingrafimi (forrit fyrir fingrasetningu á www.nams.is)

Word ritvinnsluforrit

Ýmis námsforrit í tölvuveri og á www.nams.is

Kennslutilhögun:

Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði nemenda í grundvallaratriðum námsins. Nemendur vinna sjálfstætt að nær öllu leyti. Bókleg kennsla fer fram í heimastofu (námsefni tengt Á músarslóð 1).

Heimanám:

Ekki áætlað.

Námsmat:

Símat.

Markmið:

Að nemendur:

- kynnist því að það eru til margskonar aðferðir til að vinna myndlist.
- tileinki sér viðeigandi umgengni og fái þjálfun í að nota þau efni og áhöld sem unnið er með.
- öðlist færni í undirstöðuaðferðum fagsins og til eigin sköpunar.
- fái innsýn í íslenska myndlist og fræðist um einn íslenskan myndlistamann.

Námsefni:

Leir, þekjulitir, vatnslitir, vaxlitir, túsulitir, trélitir, mismunandi pappír, lím, blýantar, léreft, skæri, taulitir og efni úr náttúrunni.

Myndmennt I

Myndlistarbækur

Vefefni

Kennslutilhögun:

Í myndmenntakennslu er lögð áhersla á að ímyndunaraflíð og sköpunargleðin fái sem best að njóta sín. Nemendur vinna með vandaðar myndlistavörur ásamt því að þeim er kennt að úr verðlausu efni má einnig búa til falleg listaverk. Nemendur fá þjálfun í meðferð áhalda, efna og umhirðu. Verk nemenda eru gjarnan hengd upp á vegg skólans og er það liður í því að kenna nemendum að bera virðingu fyrir og njóta eigin verka og annarra. Umræður um myndlist, listamenn, menningu, listasögu og fagurfræði fer fram í flestum tímum. Í kennslunni er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni.

Námsmat:

Námsmat byggir á vinnusemi og myndverkum með tilliti til frumkvæðis, verklags, hugmynda, útfærslu verka og frammistöðu.

2. bekkur

Öll markmið náms og kennslu byggja á markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Hægt er að finna Aðalnámskrá í heild sinni á vef Menntamálaráðuneytisins www.mrn.stjr.is (veljið hnappinn Námskrár).

Íslenska

2.b

Markmið:

- Að nemendur nái valdi á frumpáttum móðurmáls, þ.e. töluðu máli og hlustun, lestri og ritun, eftir því sem þroski þeirra leyfir. Þessir þættir styðja hvern annan, tengjast og skarast.
- Að nemendur læri að bera virðingu fyrir málinu og geti tjáð öðrum skoðanir sínar.
- Að þroska og þjálfra skrift og ritun sem nýtist þeim í skólastarfinu og síðar í lífinu.

Námsefni:

Við lesum B

Lesum saman

Bras og þras á Bunulæk

Ýmsar lestrarbækur

Sögubækur s.s. ævintýri, dæmisögur, þjóðsögur, sannar sögur o.fl.

Ritrún 1 og 2

Ás

Valin verkefni í málfræði og ritun

Valið efni í réttiritun

Skrift 2

Æfingabækur í skrift

Kennslutilhögun:

Í lestrarþjálfun er áhersla lögð á upplestur, hljóðlestur, samlestur og lesskilning. Reglulega verða frjálslestrarstundir í skóla. Í heimanámi verður daglegur lestur þar sem áhersla er lögð á upplestur og að sá sem á hlýðir kvitti fyrir áheyrnina. Ýmist verður heimalesefni tengt bókmenntum/samlestrarbók eða bók að vali nemenda. Nemendur skrá frjálslestrarbækur sínar og meta þær. Í bókmenntum og ljóðum eru unnin skrifleg og munnleg verkefni ásamt myndrænni úrvinnslu, ýmist í hóp- eða einstaklingsvinnu. Mikil áhersla lögð á virkar umræður.

Í tjáningu/hlustun þjálfar nemendur framsögn og hlustun með fjölbreyttum verkefnum, s.s. ljóðum, sögum, frumsömdu efni, efni á hljóðdiskum/ myndböndum. Í ritun verða unnin fjölbreytt verkefni. Áhersla verður áfram lögð á vandaða skrift og uppbyggingu texta. Í skriftarnámi er áhersla lögð á samræmi í stafagerð og hæð stafa, jafnan halla, að stafir haldi línu og vandaðan frágang. Grundvallarhugtök í málfræði eru þjálfuð og markvisst verður unnið með réttiritun.

Heimanám:

Daglegur heimalestur ásamt öðru heimanámi.

Námsmat:

Símat, lestrarkannanir, próf

Markmið:

- Að nemendur öðlist skilning á því efni sem fjallað er um með því að tengja nýja þætti áður fenginni reynslu og þeim hugtökum sem þeir hafa á valdi sínu.
- Nemendur temji sér fjölbreytt vinnubrögð og geti rökstutt niðurstöður sínar munnlega, skriflega eða á hlutbundinn hátt.
- Að nemandi þrói með sér hugmyndir stærðfræðinnar.

Námsefni:

Eining 3 og 4,

Línan 3 og 4

Sproti 2

Í undirdjúpunum – samlagning og

frádráttur

Viltu reyna, gulur, rauður og grænn

Tíu Tuttugu

Tölvuforrit

Verkefni fyrir vasareikni 1.hefti

Kennslutilhögun:

Áhersla kennslunnar verður á hlutbundna vinnu og inntak hennar verður; tölur, reikniaðgerðir, hlutföll og prósentur, mynstur og algebra, rúmfræði, tölfræði og líkindafræði. Í stærðfræðikennslu er mikil áhersla lögð á fjölbreytt vinnubrögð með áherslu á daglegt líf sem oft fer fram í formi leikja og spila. Nemendur vinna sjálfstætt og í litlum og stórum hópum. Þeir þurfa að tjá sig bæði munnlega og skriflega.

Heimanám:

Yfirleitt er heimanám í formi þjálfunardæma.

Námsmat:

Próf, kannanir og símat.

Markmið:

Að nemendur:

- vinni með nánasta umhverfi, bæði manngert og náttúrulegt,
- kynnist örnefnum í nánasta umhverfi skólans,
- kynnist gerð líkamans og starfsemi,
- kynnist landinu Íslandi í víðu samhengi og tengslum við önnur lönd og þjóðir og
- læri að hlusta á aðra og bera fram spurningar um námsefnið.

Námsefni:

Komdu og skoðaðu líkamann

Komdu og skoðaðu umhverfið

Komdu og skoðaðu land og þjóð

Kennslutilhögun:

Námsefni í samfélags- og náttúrufræði er að miklu leyti tengt. Nemendur fá tvær kennslustundir í hvoru fagi og fer það eftir viðfangsefnum hversu mikil samþætting verður. Kennslustundir fara fram í kennslustofu bekkjarins auk þess sem nemendur taka þátt í vettvangsnámi í nánasta umhverfi skólans.

Heimanám:

Ekki áætlað.

Námsmat:

Símat.

Markmið:

Megináhersla er lögð á:

- Grundvallargildi kristilegs siðgæðis,
- að nemendur kynnist einföldum frásögnum úr Gamla og Nýja testamentinu,
- að nemendur viti hvað aðventa merkir og þekki siði sem tengjast henni,
- að nemendur vinni úr viðfangsefnum sem tengjast vináttu, fyrirgefningu, umburðarlyndi, jafnrétti og nærgætni.

Námsefni:

Undrið

Regnboginn

Kennslutilhögun:

Tímarnir byggjast fyrst og fremst á hlustun, umræðum og myndrænni úrvinnslu. Í umræðum er mikið komið inn á siðfræðilega þætti með hliðsjón af námsefni og það yfirfært á daglegt líf.

Heimanám:

Ekki áætlað

Námsmat:

Símat

Markmið:

- Nemandi á að geta notað einföld áhöld og tæki og vita hvað ber að varast við notkun þeirra.
- Nemandi temji sér að vinna í sátt og samlyndi.
- Nemandi temji sér hreinlæti í verki og beri ábyrgð á frágangi eftir sig.
- Nemandi fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirælum.
- Nemandi geri sér grein fyrir að góð næring er undirstaða góðrar heilsu.

Námsefni:

Hollt og gott 1

Fæðuhringurinn veggspjald

Komdu og skoðaðu eldhúsið

Kennslutilhögun: Nemandum er skipt í hópa og hver hópur fær skilgreint verkefni, oft skriflegt í formi ákveðinnar uppskriftar eða munnlegrar sem útheimtir leit í námsgögnum. Mikil áhersla er lögð á samvinnu nemenda innan hóps. Verkleg og bókleg verkefni.

Heimanám: Ekkert

Námsmat: Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Þá eru einnig verkefni og vinnubækur nemenda metnar. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því undir símat.

Markmið:

Aðalmarkmið með íþróttakennslu á yngsta stigi er að auka áhuga nemenda fyrir hreyfingu almennt. Auka félags- og hreyfingroska nemenda með þátttöku í leikjum og æfingum sem reyna á þessa þætti. Ennfremur er kennt um hollar lífsvenjur, s.s. mataræði, svefnvenjur og gildi hreyfingar. Einnig er stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda til að fara eftir reglum og fyrirmælum.

Námsefni:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, íþróttir, líkams,- og heilsurækt 2007.

Kennslutilhögun:

Íþróttirnar skiptast í grófum dráttum niður í 50% leikir af ýmsum toga á mótum boltaleikjum og fimleikaæfingum. Kennsla fer fram í íþróttahúsinu á Laugum, Dalabúð og utandyra í Búðardal og á Laugum.

Námsmat:

Ástundun, virkni og hegðun í tímum 50%, stöðugt mat allan veturinn. 50% ýmis próf og mælingar yfir veturinn. Gefin er einkunn í heilum og hálfum tölustöfum.

Markmið:

- Að efla félags- og tilfinningaþroska nemenda.
- Að nemandi læri tillitsemi og að hlusta á aðra.
- Að nemandi læri að setja sig í spor annarra og sjá fyrir afleiðingar gerða sinna.
- Að nemandi þjálfí sjálfstjórn.

Námsefni:

Spor 2

Að leika og látast

Kennslutilhögun:

Lífsleikni er í raun órjúfanlegur þáttur í öllum námsgreinum/skólastarfi en auk þess er fastur vikulegur tími í lífsleikni þar sem m.a. verður unnið með sögum sem reyna á að setja sig í spor annarra, finna lausnir á ýmsum málum, sögum sem þjálfá tjáningu og túlkun o.fl. Umræður skipa stóran sess í lífsleiknináminu auk þess sem nálgun á viðfangsefni verður oft í gegnum leik, leikræna tjáningu og með myndrænni úrvinnslu.

Bekkjarfundir eru áætlaðir í þriðju hverri viku en þá er m.a. rætt um skólastarfið, líðan, vinskap og fleira.

Heimanám:

EKKI ÁÆTLAÐ.

Námsmat:

Fylgst með virkni og þátttöku nemenda.

Markmið

Að nemendur:

- Geti búið til nytjahluti með listrænum áherslum.
- Sýni skilning á mikilvægi þess að fylgja vinnureglum á vinnustað.
- Geri verkefni sín persónuleg með eigin hugmyndum.
- Sýni vinnu annara virðingu.
- Þekki og þjálfist í notkun einföldustu verkfæra.

Námsefni:**Kennslutilhögun:**

Verkleg kennsla í smíðastofu

Heimanám:

Ekki áætlað.

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Þá eru einnig verkefni metin. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því undir símat.

Markmið:

Að nemendur nái að aðlagast vatninu á jákvæðan hátt í gegnum leik og æfingar. Að nemandi geti farið í kaf. Einnig er farið yfir umhirðu líkamans fyrir og eftir sundtíma. Ennfremur er farið yfir öryggi á sundstað.

Námsefni:

Skólasund (Kennarahandbók), námsgagnamappa í skólasundi fyrir 1.-10. bekk og Aðalnámskrá Grunnskóla íþróttir, líkams. – og heilsurækt.

Kennslutilhögun:

Á yngsta stigi er megináhersla lögð á jákvæða upplifun í sundtímum og að nemandur njóti þess að mæta í sund. Neðangreindum þáttum er reynt að ná fram í gegnum leik og léttar æfingar sem efla styrk, jafnvægi og þor.

Námsmat:

Ástundun, virkni og hegðun í tímum 50% og próf 50%

2. Sundstigi.

- Marglyttuflot með því að rétta úr sér
- Spyrna frá bakka og rennsli með andlit í kafi a.m.k. 2,5m
- Hoppa af bakka í grunna laug
- 10m bringusund, með eða án hjálpartækja
- 10m skólabaksundsófötatök, með eða án hjálpartækja
- 8m skriðsundsófötatök(armar teygðir fram), með eða án hjálpartækja

Gefið er fyrir með umsögninni sundstigi 2 lokið/ólukið.

Markmið:

- Nemandi geti nýtt sér nokkrar vinnuaðferðir greinarinnar og geti beitt til þess einföldum áhöldum.
- Nemandi geri sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut.
- Nemandi læri hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefninu og geti unnið eftir leiðbeiningum kennara.

Námsefni:

Nálar, garn, þrjónar, saumavél, tau, litir og fleira þessu tengt.

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna skylduverkefni hver fyrir sig þar sem þau læra mismunandi sporgerðir í útsaumi og undirstöðuatriði í sambandi við saumavél. Nemendur tileinka sé nokkur hugtök textílfraeðinnar. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að umgangast efni og beita áhöldum á réttan hátt, bæði við vinnu og er þau ganga frá eftir sig.

Heimanám:

Ekkert

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Við mat á verkefnum nemenda er tekið tillit til þátta eins og framfara, sjálfstæðis, frumkvæðis og samstarfshæfni. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því undir símat.

Markmið:

- Að þroska og efla áhuga nemenda á allskonar tónlist með því að kenna þeim vísur og lög og vekja áhuga þeirra á því að syngja.
- Að nemendur kynnist áfram nótnalestri/skrift
- Að nemendur öðlist aukinn skilning á tónlist í gegnum hlustun, dans og notkun skólahljóðfæra.
- Að efla taktskyn nemenda
- Að efla sköpunargáfu nemenda með því að tjá tónlistina í gegnum myndsköpun

Námsefni:

Það var lagið, sem er hugmyndaefni í tónmennt fyrir 1 – 4. bekk. Leikum og syngjum, allskonar textar og sönglög héðan og þaðan. Ýmiss konar bækur, blöð og verkefni úr öllum áttum.

Kennslutilhögun:

Kennsla fer fram í gegnum; hlustun, söng, dans, leiki, sköpun og notkun skólahljóðfæra (orff hljóðfæri). Jafnframt þessu vinna börnin alls konar tónlistartengd verkefni.

Heimanám:

Hlusta á ýmisskonar tónlist, leika, dansa og syngja.

Námsmat:

Virkni, áhugi, hegðun og hæfileikar til samvinnu eru þeir þættir sem mestu máli skipta í sambandi við námsmat.

Kórstarf

Áhugasömum nemendum gefst kostur á að taka þátt í kórstarfi.

Kórstarfið er vettvangur til að æfa ýmis kórlög. Markmið með kórstarfi er að hafa gaman saman í söng.

Markmið:

Megináhersla er lögð á að nemendur kynnist uppbyggingu lyklaborðs og öðlist grunnfærni í fingrasetningu (þekki heimalyklana og geti skráð einföld orð), kynnist einföldum aðgerðum í vinnu með tölvur, tileinki sér rétta umgengni í tölvustofunni, hugi að réttri líkamsstöðu og læri að vinna með ýmis kennsluforrit sem hæfa aldri og þroska.

Námsefni:

Á músarslóð 1

Fingrafimi (forrit fyrir fingrasetningu á www.nams.is)

Word ritvinnsluforrit

Ýmis námsforrit í tölvuveri og á www.nams.is

Kennslutilhögun:

Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði nemenda í grundvallaratriðum námsins. Nemendur vinna sjálfstætt að nær öllu leyti. Bókleg kennsla fer fram í heimastofu (námsefni tengt Á músarslóð 1).

Heimanám:

Ekki áætlað.

Námsmat:

Símat.

Markmið:

Að nemendur:

- Kynnist því að það eru til margskonar aðferðir til að vinna myndlist,
- tileinki sér viðeigandi umgengni og fái þjálfun í að nota þau efni og áhöld sem unnið er með,
- öðlist færni í undirstöðuaðferðum fagsins og til eigin sköpunar og
- fái innsýn í íslensku myndlist, fræðist um einn íslenskan myndlistamann.

Námsefni:

Leir, þekjultir, vatnslitir, vaxlitir, tús slitir, trélitir, mismunandi pappír, lím, blýantar, skæri, léreft, taulitir og efni úr náttúrunni.

Myndmennt I

Myndlistarbækur

Vefefni

Kennslutilhögun:

Í myndmenntarkennslu er lögð áhersla á að ímyndunaraflíð og sköpunargleðin fái sem best að njóta sín. Nemendur vinna með vandaðar myndlistarvörur ásamt því að þeim er kennt að úr verðlausu efni má einnig búa til falleg listaverk. Nemendur fá þjálfun í meðferð áhalda, efna og umhirðu. Verk nemenda eru gjarnan hengd upp á vegg skólans og er það liður í því að kenna nemendum að bera virðingu fyrir og njóta eigin verka og annarra. Umræður um myndlist, listamenn, menningu, listasögu og fagurfræði fer fram í flestum tímum. Í kennslunni er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni.

Námsmat:

Námsmat byggir á vinnusemi og myndverkum með tilliti til frumkvæðis, verklags, hugmynda, útfærslu verka og frammistöðu.

3. bekkur

Öll markmið náms og kennslu byggja á markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Hægt er að finna Aðalnámskrá í heild sinni á vef Menntamálaráðuneytisins www.mrn.stjr.is (veljið hnappinn Námskrár).

Kristin fræði

3. b

Markmið:

Að nemandi:

- Kynnist enn frekar Sögunum sem Jesús lærði
- Fræðist enn frekar um aðdraganda jólanna og páskanna
- Kunni skil á kirkjuárinu, helstu hátíðum og merkingu ólíkra lita í helgihaldinu.
- Fræðist um kristniboð
- Kynnist ýmsum trúarbrögðum heimsins
- Læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til að hrósa og uppörva aðra.

Námsefni:

Stjarnan – lestrarbók + vinnubók
ítarefni frá kennara.

Kennslutilhögun:

Í trúarbrögðum verður áhersla lögð á hlustun, virkar umræður og vinnu í vinnubók.

Heimanám:

Ekki áætlað

Námsmat:

Símat

Markmið:

Að nemandi

- Kynnist helstu gerð og fjölbreytileika íslenskra fjalla.
- Kynnist ýmsum eðlisfræðilegum fyrirbærum sem tengjast því umhverfi sem börnin þekkja.
- Kynnist daglegu lífi fólks fyrr á tímum – íslenskir þjóðhættir.
- Fræðist um stöðuga hringrás efna í náttúrunni
- Læri hversu mikilvægt er að umgangast auðlindir jarðarinnar af virðingu.
- Þekki til lífríkis landsins og hvernig það breytist eftir árstíðum
- Læri að hlusta á aðra, bera fram spurningar um viðfangsefni og kynnist einfaldri heimildaleit

Námsefni:

Komdu og skoðuðu fjöllin

Komdu og skoðuðu bílinn

Komdu og skoðuðu hringrásir

Komdu og skoðuðu íslenska þjóðhætti

Náttúran allan ársins hring – (valdir kaflar)

Kennslutilhögun:

Námsefni í samfélags- og náttúrufræði er að miklu leyti tengt. Nemendur fá tvær kennslustundir í hvoru fagi og fer það eftir viðfangsefnum hversu mikil samþætting verður. Kennslustundir fara fram í kennslustofu bekkjarins auk þess sem nemendur taka þátt í vettvangsverkefni í nánasta umhverfi skólans.

Heimanám:

Ekki áætlað

Námsmat:

Símat

Markmið:

Megináhersla er lögð á eftirfarandi þætti:

- Að nemendur nái valdi á frumbáttum móðurmálsins, þ.e. töluðu máli, hlustun, lestri og ritun, eftir því sem þroski þeirra leyfir. Þessir þættir styðja hvern annan, tengjast og skarast.
- Að nemendur læri að bera virðingu fyrir málinu og geti tjáð öðrum skoðanir sínar.
- Að þroska og þjálfra skrift og ritun sem nýtist þeim í skólastarfinu og síðar í lífinu.

Námsefni:

Lesum meira saman + vinnubók

Davíð og fiskarnir + vinnubók

Sögusteinn

Þprengjusérfræðingurinn + vinnubók

Ýmsar lestrarbækur við hæfi hvers og eins.

Sögubækur s.s. ævintýri, dæmisögur,

þjóðsögur, sannar sögur, o.fl..

Ritrún 2

Tvistur

Valin verkefni í málfræði og ritun

Valið efni í réttiritun

Skrift 3

Kennslutilhögun:

Í lestrarþjálfun er áhersla lögð á upplestur, hljóðlestur, samlestur og lesskilning.

Reglulega verða frjálislestrarstundir í skóla. Í heimanámi verður daglegur lestur þar sem áhersla er lögð á upplestur og að sá sem á hlýðir kvitti fyrir áheyrnina. Ýmist verður heimalesefni tengt bókmenntum/samlestrarbók eða bók að vali nemenda.

Í bókmenntum og ljóðum eru unnin skrifleg og munnleg verkefni ásamt myndrænni úrvinnslu, ýmist í hóp- eða einstaklingsvinnu. Mikil áhersla lögð á virkar umræður.

Í tjáningu/hlustun þjálfar nemendur í framsögn og hlustun með fjölbreyttum verkefnum, s.s. ljóðum, sögum, frumsömdu efni, efni á hljóðdiskum/myndböndum.

Í ritun verða unnin fjölbreytt verkefni. Áhersla verður áfram lögð á vandaða skrift og uppbyggingu texta. Í skriftarnámi er áhersla lögð á samræmi í stafagerð og hæð stafa, jafnan halla, að stafir haldi línu og vandaðan frágang.

Grundvallarhugtök í málfræði eru þjálfuð og markvisst verður unnið með réttiritun.

Heimanám:

Daglegur heimalestur ásamt öðru heimanámi.

Önnur verkefni verða valin og verða t.d. ritunarverkefni, málfræðiverkefni og skrift o.fl.

Námsmat:

Símat, lestrarkannanir, stuttar kannanir í tenglum við námsefni.

Markmið:

Megináhersla er lögð á sjálfsþekkingu, samskipti og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og samfélaginu í heild sinni, að nemendur læri að virða leikreglur í hópleikjum og að þeir læri að túlka tilfinningar með ýmsum hætti.

Námsefni:

Spor 3
Ýmsar sögur

Kennslutilhögun:

Kennsluefnið Spor 3 verður notað sem grunnnámsefni og mikið unnið með umræður í hópnum og eitthvað farið í leikræna tjáningu. Nemendur læra að tjá skoðanir sínar á skilmerkilegan hátt og hlusta á aðra með virðingu og tillitssemi. Töluverð samþætting við annað nám. Þriðju hverju viku verða bekkjarfundir þar sem áhersla er lögð á almenna líðan og samskipti.

Heimanám:

Ekki áætlað

Námsmat:

Símat

Meginmarkmið:

Að nemendur öðlist skilning á því efni sem fjallað er um með því að tengja nýja þætti áður fenginni reynslu og þeim hugtökum sem þeir hafa á valdi sínu, nemendur temji sér fjölbreytt vinnubrögð og geti rökstutt niðurstöður sínar munnlega, skriflega eða á hlutbundinn hátt.

Markmið:

Talnaskilningur; Að telja upp í 100, stærð talna, einingasæti, tugasæti, hundraðasæti, raðtalning s.s. 10,20,30....., og 5, 10, 15 o.s.frv. summa og mismunur, oddatölur og sléttar tölur.

Reikningsaðgerðirnar; samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Geri sér grein fyrir hvenær nota skal viðkomandi aðgerð.

Tímamælingar; Læra á klukku, sólarhringur, klukkustund, mínútur, sekúndur, mánuðirnir, árið.

Form; Rétthyrningar, ferhyrningar, ferningar, þríhyrningar, hringir, trapisur, mynstur. Skoði form í nánasta umhverfi.

Mælingar; Flatarmál, ummál, rúmmál, mælieiningar fyrir lengd, þyngd og vökva s.s. Km, m, cm, kg, g og lítra. Leggi mat á hvaða mælieiningar eru heppilegar til að mæla tiltekna hluti.

Myndrit; Lesa upplýsingar úr myndritum og búa til myndrit. Súlurit, töflur og skífurit.

Námsefni:

Eining 5 og 6

Línan 5 og 6

Sproti

Í undirdjúpunum margföldun.

Verkefni fyrir vasareikni 2. hefti

Viltu reyna

Tölvuforrit.

Annað efni frá kennara eftir þörfum

Kennslutilhögun:

Áhersla kennslunnar verður á hlutbundna vinnu og inntak hennar verður; tölur, reikniaðgerðir, hlutföll og prósentur, mynstur og algebra, rúmfræði, tölfræði og líkindafræði. Í stærðfræðikennslu er mikil áhersla lögð á fjölbreytt vinnubrögð með áherslu á daglegt líf sem oft fer fram í formi leikja og spila. Nemendur vinna sjálfstætt og í litlum og stórum hópum. Þeir þurfa að tjá sig bæði munnlega og skriflega.

Heimanám:

Yfirleitt er heimanám í formi þjálfunardæma.

Námsmat:

Próf, kannanir og símat

Markmið:

Að nemandi:

- Fáa þjálfun í fingrasetningu.
- Geti skeytt myndum inn í texta á tölvutæku formi.
- Fáa þjálfun í notkun forrita s.s. Word og Power point.
- Fáa þjálfun í að vista og sækja skjöl í tölvunni.
- Öðlist þekkingu á teikniforritinu Paint.

Námsefni:

Forritin Word, Power Point og Paint.

Kennsluforritið fingrafimi og hugbúnaðurinn/bókin.

Ýmis verkefni samþætt öðrum námsgreinum.

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna í tölvum þar sem þjálfuð er fingrasetning, vönduð vinnubrögð og skipulag í verkefnavinnu.

Heimanám:

Ekkert heimanám

Námsmat:

Umsögn þar sem metin eru verkefni, hegðun og vinnusemi.

Markmið:

- Nemandi á að geta notað einföld áhöld og tæki og vita hvað ber að varast við notkun þeirra.
- Nemandi temji sér að vinna í sátt og samlyndi.
- Nemandi temji sér hreinlæti í verki og beri ábyrgð á frágangi eftir sig.
- Nemandi fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirætlum.
- Nemandi geri sér grein fyrir að góð næring er undirstaða góðrar heilsu.

Námsefni:

Hollt og gott 2
Fæðuhringurinn veggspjald
Komdu og skoðu eldhúsið

Kennslutilhögun:

Nemendum er skipt í hópa og hver hópur fær skilgreint verkefni, oft skriflegt í formi ákveðinnar uppskriftar eða munnlegrar sem útheimtir leit í námsgögnum. Mikil áhersla er lögð á samvinnu nemenda innan hóps. Verkleg og bókleg verkefni.

Heimanám:

Ekkert.

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því sem símat. Tekið er tillit til sjálfsmats nemenda. Þá eru einnig verkefni og vinnubækur nemenda metnar.

Markmið:

Aðalmarkmið með íþróttakennslu á yngsta stigi er að auka áhuga nemenda fyrir hreyfingu almennt. Auka félags- og hreyfiproska nemenda með þátttöku í leikjum og æfingum sem reyna á þessa þætti. Ennfremur er kennt um hollar lífsvenjur, s.s. matarræði, svefnvenjur og gildi hreyfingar. Einnig er stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda til að fara eftir reglum og fyrirmælum.

Námsefni:

Aðalnámsskrá grunnskóla, íþróttir, líkams - og heilsurækt 2007.

Kennslutilhögun:

Íþróttirnar skiptast í grófum dráttum niður í 50% leikir af ýmsum toga á mótum boltaleikjum og fimleikaæfingum. Kennsla fer fram í íþróttahúsinu á Laugum, Dalabúð og utandyra í Búðardal og á Laugum.

Námsmat:

Ástundun, virkni og hegðun í tímum 50%, stöðugt mat allan veturinn. 50% ýmis próf og mælingar yfir veturinn. Gefin er einkunn í heilum og hálfum tölustöfum.

Markmið:

Að nemendur:

- kynnist því að það eru til margskonar aðferðir til að vinna myndlist.
- tileinki sér viðeigandi umgengni og fái þjálfun í að nota þau efni og áhöld sem unnið er með.
- öðlist færni í undirstöðuaðferðum fagsins og til eigin sköpunar.
- fái innsýn í íslenska myndlist, fræðist um einn íslenskan myndlistamann.

Námsefni:

Leir, þekjulitir, vatnslitir, vaxlitir, túsullitir, trélitir, mismunandi pappír, lím, blýantar, skæri, léreft, taulitir og efni úr náttúrunni.

Myndmennt I

Myndlistarbækur

Vefefni

Kennslutilhögun:

Í myndmenntarkennslu er lögð áhersla á að ímyndunaraflíð og sköpunargleðin fái sem best að njóta sín. Nemendur vinna með vandaðar myndlistarvörur ásamt því að þeim er kennt að úr verðlausu efni má einnig búa til falleg listaverk. Nemendur fá þjálfun í meðferð áhalda, efna og umhirðu. Verk nemenda eru gjarnan hengd upp á vegg skólans og er það liður í því að kenna nemendum að bera virðingu fyrir og njóta eigin verka og annarra. Umræður um myndlist, listamenn, menningu, listasögu og fagurfræði fer fram í flestum tímum. Í kennslunni er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni.

Námsmat:

Námsmat byggir á vinnusemi og myndverkum með tilliti til frumkvæðis, verklags, hugmynda, útfærslu verka og frammistöðu.

Markmið:

- Geti nýtt sér mismunandi efnivið í smíðagrip.
- Geti valið og notað yfirborðsefni við hæfi verkefna sinna.
- Geri sér grein fyrir hugtakinu tækni.
- Geti sett útlitshönnun í samband við notkunarvið hlutar.
- Vinni hluti til heimilisnota úr ferskum trjávið.
- Geti unnið í hópi að þarfalausnum.
- Móti smíðagrip eftir smekk og viðhorfum.
- Sýni ábyrga umgengni og fari eftir almennum reglum í smíðastofunni.
- Hafi þroskað með sér gæðamat.

Námsefni:

Verkleg kennsla í smíðastofu.

Kennslutilhögun:**Heimanám:**

Ekki fyrirhugað.

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Tekið er tillit til sjálfsmats nemenda. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því sem símat. Þá eru einnig verkefni nemenda metin.

Markmið:

Að nemendur nái að aðlagist vatninu á jákvæðan hátt í gegnum leik og æfingar. Einnig er farið yfir umhirðu líkamans fyrir og eftir sundtíma. Ennfremur er farið yfir öryggi á sundstað.

Námsefni:

Skólasund (Kennarahandbók), námsgagnamappa í skólasundi fyrir 1.-10. bekk.

Kennslutilhögun:

Á yngsta stigi er megináhersla lögð á jákvæða upplifun í sundtímum og að nemendur njóti þess að mæta í sund. Neðangreindum þáttum er reynt að ná fram í gegnum leik og léttar æfingar sem efla styrk, jafnvægi og þor.

Sundstig III

- 12m bringusund.
- 12m skólabaksund, með eða án hjálpartækja.
- 8m skriðsundsfótatök, andlit í kafi og armar teygðir fram.
- 6m baksund, með eða án hjálpartækja.
- Köfun eftir hlut á 1 til 1,5m dýpi.

Námsmat:

Ástundun, virkni og hegðun í tímum 50% og próf 50%. Gefið er fyrir með umsögninni sundstigi 3 lokið/ólókið.

Markmið:

- Nemandi geti nýtt sér nokkrar vinnuaðferðir greinarinnar og geti beitt til þess einföldum áhöldum.
- Nemandi læri hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefninu og geti unnið eftir leiðbeiningum kennara.
- Nemandi þrói hugmynd að hlut og vinni með tvöfalt efni, klippi, saumi í saumavél og noti útsaum til skreytingar.
- Nemandi skoði og meti eigin verk og annarra út frá fagurfræði og rökstyðji matið.

Námsefni:

Nálar, prjónar, garn, saumavél, tau, litir og fleira þessu tengt.

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna skylduverkefni hver fyrir sig þar sem þau læra mismunandi sporgerðir í útsaumi og áfram verður unnið með saumavélina. Nemendur tileinka sé nokkur hugtök textílfraeðinnar og æfa sig í að vinna eftir skriflegum leiðbeiningum.. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að umgangast efni og beita áhöldum á réttan hátt, bæði við vinnu og er þau ganga frá eftir sig.

Heimanám:

Ekkert

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Við mat á verkefnum nemenda er tekið tillit til þátta eins og framfara, sjálfstæðis, frumkvæðis og samstarfshæfni. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því undir símat. Tekið er tillit til sjálfsmats nemenda.

Markmið:

- Að þroska og efla áhuga nemenda á alls konar tónlist með því að kenna þeim vísur og lög og vekja með þeim sönggleði sem er undirstaða undir allt frekara tónlistarnám.
- Að efla taktskyn nemenda með því að nota skólahljóðfæri og læra að hreyfa sig í takt við tónlist.
- Að efla sköpunargáfu nemenda með því að tjá tónlistina í gegnum myndsköpun og leikræna tjáningu.
- Að læra undirstöðuatriði tónfræðinnar s.s. einfaldur nótnalestur, tvískiptur og þrískiptur taktur og kaflaskipting í lögum.

Námsefni:

Allskonar textar og sönglög héðan og þaðan, töfrakassinn, tónlistarleikir, það var lagið (hugmyndaefni í tónmennt fyrir 1. – 4. bekk).

Kennslutilhögun:

Kennsla fer fram í gegnum; hlustun, söng, dans, leiki, sköpun og notkun Orff hljóðfæra (ásláttarhljóðfæra). Auk þess vinna börnin allskonar tónlistartengd verkefni.

Heimanám:

Hlusta á ýmiskonar tónlist.

Námsmat:

Virgni, áhugi, hegðun og hæfileikar til samvinnu eru þeir þættir sem mestu máli skipta í sambandi við námsmat.

Kórstarf

Áhugasömum nemendum gefst kostur á að taka þátt í kórstarfi.

Kórstarfið er mikilvægur þáttur og eru þar æfð ýmis kórlög. Markmið með kórstarfi er að hafa gaman saman í söng.

4. bekkur

Öll markmið náms og kennslu byggja á markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Hægt er að finna Aðalnámskrá í heild sinni á vef Menntamálaráðuneytisins www.mrn.stjr.is (veljið hnappinn Námskrár).

Enska

4. b

Markmið:

Hlustun: Að nemandinn skilji einföld fyrirmæli og spurningar og geti fylgst með einföldu hlustunarefni.

Talað mál: Að nemandinn geti tekið þátt í einföldum samskiptum t.d. heilsað og kynnt sig og einnig lýst hlut eða mynd á einfaldan hátt.

Lestur: Að nemandinn geti lesið einfaldar setningar og fylgt eftir texta með hljóði eða mynd

Ritun: Að nemandinn geti skrifað orð og einfaldar setningar við myndir eða eftir fyrirmynd

Viðfangsefni:

Að heilsa og kynna sig, fyrirmæli í skólastofunni, tölur 1-20, litir, föt, stafrófið, líkamshlutar, fjölskyldan, dagar, mánuðir og árstíðir.

Námsefni:

Portfolio bækurnar Speak Out og Work Out. Einnig verða notaðar verkefnabækurnar Hicory, Dickory, Dock.

Kennslutilhögun:

Í byrjun verða söngvar notaðir til að þjálfra framburð, síðan verður jöfnum höndum hlustað á efni af geisladiski, spjallað, unnið í vinnubók, notaðir leikir og spil til þjálfunar á talmáli og til að festa orðaforða.

Námsmat:

Námsmat verður í formi umsagnar og ekki verða lögð fyrir formleg próf. Einnig verða nemendur þjálfaðir í að leggja sjálfir mat á vinnusemi sína og frammistöðu.

Markmið:

Lestur, framsögn, bókmenntir og ljóð. Að nemandi:

- Auki lestrarhæfni sína bæði í hraða og skilningi,
- lesi skýrt og áheyrilega,
- kynnist mismunandi bókmenntum,
- auki lestrarskilning úr lesnum textum með ýmsum úrvinnslu möguleikum,
- þjálfist í túlkun ljóða og þekki þau ýmist rímuð eða órímuðum.

Stafsetning, ritun og málfræði. Að nemandi:

- Skrifi sögur og ljóð sér og öðrum til ánægju,
- kunni stafrófið og geti raðað orðum í stafrófsröð,
- æfist í að skrifa eftir upplestri og orðrétt eftir texta,
- kunni skil á kyni og greini nafnorða,
- læri undirstöðuatriði í orðflokkagr., fallbeygingu nafnorða og stigbr. lýsingarorða.

Skrift. Að nemandi:

- Haldi rétt á skriffæri og dragi rétt til stafs,
- skrifi skýrt og læsilega,
- skilji mikilvægi þess að vanda sig

Námsefni:

Völusteinn

Ýmsar lestrarbækur við hæfi hvers og eins.

Sögubækur s.s. ævintýri, dæmisögur, þjóðsögur, sannar sögur, o.fl.

Ritrún 3.

Skinna, lesbók

Skinna 2 verkefnabók

Þristur.

Valin verkefni í málfræði og ritun.

Valið efni í réttitun.

Skrift 4.

Skriftarrenningar, forskrift fyrir æfingabók

Kennslutilhögun:

Í lestrarþjálfun er áhersla lögð á upplestur, hljóðlestur, samlestur og lesskilning.

Reglulega verða frjálslestrarstundir í skóla. Í heimanámi verður daglegur lestur þar sem áhersla er lögð á upplestur og að sá sem á hlýðir kvitti fyrir áheyrnina. Ýmist verður heimalesefni tengt bókmenntum/samlestrarbók eða bók að vali nemenda.

Í bókmenntum og ljóðum eru unnin skrifleg og munnleg verkefni ásamt myndrænni úrvinnslu, ýmist í hóp- eða einstaklingsvinnu. Mikil áhersla lögð á virkar umræður.

Í tjáningu/hlustun þjálfar nemendur framsögn og hlustun með fjölbreyttum verkefnum, s.s. ljóðum, sögum, frumsömdu efni, efni á hljóðdiskum/myndböndum.

Í ritun verða unnin fjölbreytt verkefni. Áhersla verður áfram lögð á vandaða skrift og uppbyggingu texta. Í skriftarnámi er áhersla lögð á samræmi í stafagerð og hæð stafa, jafnan halla, að stafir haldi línu og vandaðan frágang.

Grundvallarhugtök í málfræði eru þjálfuð og markvisst verður unnið með réttitun.

Heimanám

Í heimanámi verða unnin fjölbreytt verkefni í faginu, að jafnaði verða vikuleg verkefni í stafsetningu og daglegur heimalestur. Heimalestur verður ýmist tengdur bókmenntum eða bókum að vali nemenda.

Námsmat: Símat, lestrarkannanir, próf.

Markmið:

- Nemandi geti notað einföld áhöld og tæki og viti hvað ber að varast við notkun þeirra.
- Nemandi temji sér að vinna í sátt og samlyndi.
- Nemandi temji sér hreinlæti í verki og beri ábyrgð á frágangi eftir sig.
- Nemandi fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum.
- Nemandi geri sér grein fyrir að góð næring er undirstaða góðrar heilsu.

Námsefni:

Gott og gagnlegt 1 + vinnubók.
Fæðuhringurinn veggspjald.
Komdu og skoðaðu eldhúsið.

Kennslutilhögun:

Nemendum er skipt í hópa og hver hópur fær skilgreint verkefni, oft skriflegt í formi ákveðinnar uppskriftar eða munnlegrar sem útheimtir leit í námsgögnum. Mikil áhersla er lögð á samvinnu nemenda innan hóps. Verklegr og bókleg verkefni.

Heimanám:

Ekkert.

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því undir símat. Tekið er tillit til sjálfsmats nemenda. Þá eru einnig verkefni og vinnubækur nemenda metnar.

Markmið:

- Geti fundið afmarkaðar upplýsingar í textum eða neti.
- Þjálfist í að vinna með orðaforða í textum.

Talað mál:

- Geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu.
- Geti tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum.

Ritun:

- Geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta um kunnugleg efni.
- Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í ritun.
- Þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni.

Námsefni:

Ýmislegt efni á blöðum frá kennara, Klar parat, lesbók og vinnubók, auk verkefna sem unnin eru gagnvirk af vef.

Kennslutilhögun:

Nemendur kynnast framburði og einfaldur texti lesinn. Hlustun á talað mál og skilningur á texta. Nemendur læri að temja sér notkun orðabókar og glósi.

Heimanám:

Einföld þjálfunarverkefni.

Námsmat:

Haustönn: Kaflapróf 40%, vinna í tímum 30%, heimavinna 10%, hópvinna 20%,
Miðönn: Kaflapróf 40%, heimapróf 10%, vinna í tímum 20%, heimavinna 10%,
hópvinna 20%
Vorönn: Kaflapróf 40%, vinna í tímum 30%, heimavinna 10%, hópavinna 20%

Markmið:

Nemendur geti skilið og talað um það sem snertir daglegt líf og kunnuleg málefni. Mikilvægt er að nemendur lesi á eigin spítur einfaldar bækur. Nemendur fá þjálfun í grunnþáttum málfræðinnar og geti beitt henni nokkuð rétt. Kennsla fer að mestu leyti fram á ensku. Að nemandi:

<u>Hlustun:</u>	Skilji aðalatriði í sögu, frásögn og samtali tveggja. Geti fylgt nokkuð nákvæmum leiðbeiningum og upplýsingum.
<u>Talað mál:</u>	Geti tjáð sig um daglegt líf og efni sem hann hefur kynnt sér. Geti flutt einfaldan, undirbúinn texta. Geti sagt frá og lýst atburðum og athöfnum.
<u>Ritun:</u>	Getur tjáð sig um það sem hann hefur horft á, lesið eða heyrt um. Geti skrifað stuttan samfeldan texta á réttu máli, t.d. stuttar sögur, endursagnir og dagbókarbrot eftir fyrirmælum.
<u>Lestur:</u>	Geti lesið sér til gagns og gamans margskonar léttu texta t.d. tímarit og greinar. Geti lesið stuttar einfaldar skáldsögur og smásögur.

Námsefni:

Orðabækur
Ítarefni og verkefni frá kennara
True stories lesbækur
Enskar málfræðiæfingar

Kennslutilhögun:

Kennslan mun miðast sem mest við kunnáttu og getu hvers og eins. Lesnir eru textar og verkefni unnin samhliða textunum til að þjálfra skilning og orðaforða. Áfram verður unnið með orðaforða og aukin áhersla á málfræði. Ritun verður þjálfuð samhliða hlustun og lestri.

Heimanám:

Að jafnaði er heimanám 1-2 í hverri viku. Mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu sína til að vera vel undirbúin fyrir kennslustundir.

Námsmat:

Annarpróf 40%, kaflapróf 20%, hópavinna 20%, vinna í tímum 10%, heimavinna 10%

Markmið:

- Nemandi á að geta notað einföld áhöld og tæki og vita hvað ber að varast við notkun þeirra.
- Nemandi temji sér að vinna í sátt og samlyndi.
- Nemandi temji sér hreinlæti í verki og beri ábyrgð á frágangi eftir sig.
- Nemandi fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum.
- Nemandi geri sér grein fyrir að góð næring er undirstaða góðrar heilsu.

Námsefni:

Gott og gagnlegt 3 + vinnubók
Fæðuhringurinn veggspjald
Ég er það sem ég vel

Kennslutilhögun:

Nemendum er skipt í hópa og hver hópur fær skilgreint verkefni, oft skriflegt í formi ákveðinnar uppskriftar eða munnlegrar sem útheimtir leit í námsgögnum. Mikil áhersla er lögð á samvinnu nemenda innan hóps. Bókleg og verkleg verkefni.

Heimanám:

Ekkert

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því undir símat. Tekið er tillit til sjálfsmats nemenda. Þá eru einnig verkefni og vinnubækur nemenda metnar.

Markmið:

Meginmarkmið er að nemandi:

- Öðlist færni í lestri til skilnings og framsagnar.
- Þjálfist í að koma máli sínu til skila bæði skriflega, munnlega og með leikrænni tjáningu.
- Sýni samnemendum virðingu með því að hlusta.

Námsefni:

Mál er miðill; lesbók og vinnubók
Skrudda, lesbók og vinnubók I og II
Málrækt 3
Skrift 7
Laxdæla Gunnars Karlssonar
Ljóðspor
frjálslestrarbækur
Grænkápa

Skrifinnur
Efni sem tengist Stóru
upplestrarkeppninni t.d. Ritbjörg
Skolavefurinn.is, Ritum rétt og fleiri
Námsvefir
Nams.is

Kennslutilhögun:

Íslenskan verður skipulögð sem heildstæð námsgrein, auk þess sem hún er órjúfanlegur þáttur í nánast öllum greinum og fellur þjálfun hennar því inn í allar námsgreinar skólans. Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar ýmist með innlögnum, hópvinnum eða einstaklingsvinnu. Nemendur vinna eftir eigin námsáætlun með bæði skyldu- og valverkefni innan ákveðins tímaramma.

Áhersla verður lögð á eigin ritun og heimildavinnu úr bókum og af veraldarvefnum. Þar verður m.a. unnið eftir ákveðnu ferli þar sem nemandi gerir uppkast, fær endurgjöf frá kennara og hreinskrifar. Bæði verður ferlið æft í tölvu og á blaði. Nemendur lesa að jafnaði í 10-15 mínútur daglega í frjálslestrarbókum í skólanum. Nemendur fá tækifæri til að æfa upplestur og leikræna tjáningu. Sköpun, tjáning og sjálfstæð vinnubrögð verða mikils metin. Nemendur munu taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni.

Aðalbókmenntatexti í vetur verður Laxdæla Gunnars Karlssonar sem unnið verður með á margvíslegan hátt svo sem með aðferðum gagnvirkis lestrar. Nemendur læra utanbókar fáein ljóð. Auk þess semja þeir ljóð, flytja og vinna með form og boðskap.

Heimanám:

Lestur a.m.k. 3 daga í viku, ýmis ritunarverkefni. Lögð er áhersla á að nemendur lesi mikið heima og þjálfist stafsetninguna þar einnig. Heimanám er mismikið eftir einstaklingum.

Námsmat:

Haustönn: Könnunarpróf 50%, vinna í tímum 30%, heimavinna 10%, hópvinna 10%. Miðönn: Könnunarpróf 50%, vinna í tímum 30%, heimavinna 10%, heimapróf 10%

Vorönn: Könnunar- og annarpróf 50%, vinna í tímum 30%, heimavinna 10%, sjálfsmat 10%

Markmið:

Aðalmarkmið með íþróttakennslu á miðstigi er að auka styrk, þol og leikni nemenda í hinum ýmsu íþróttagreinum. Einnig er stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda til að fara eftir reglum og fyrirmælum.

Námsefni:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, íþróttir, líkams,- og heilsurækt 2007.

Kennslutilhögun:

Íþróttirnar skiptast í grófum dráttum niður í 50% leiki af ýmsum toga á móti boltaleikjum og fimleikaæfingum. Kennsla fer fram í íþróttahúsinu á Laugum, Dalabúð og úti í Búðardal og á Laugum. Skipting námsþátta í íþróttatímum veturinn 2011-2012 er í grófum dráttum eftirfarandi:

Ágúst-september : Útihlaup, útileikir, fjallganga, frjálssar íþróttir og hlaupapróf (cooper-test). Bókleg kennsla þar sem farið verður í eftirfarandi þætti: líffærafræði, bein og vöðvar, almenn atriði um líkamspjálfun.

Október-nóvember : Blak, fimleikar, leikir, stöðvaþjálfun.

Desember-janúar : Fótbolti, fjölþrepapróf (píp-test), leikfimiæfingar (kaðlar, hestur o.fl.).

Febrúar-mars : Körfubolti, badminton, frjálssar íþróttir (innan hús), leikir

Apríl-maí : Stöðvaþjálfun, boltaíþrótt að vali bekkjar, útiþjálfun, fimleikakönnun, cooper-test

Námsmat:

Ástundun, virkni og hegðun í tímum 50%, stöðugt mat allan veturinn. 50% ýmis próf og mælingar yfir veturinn. Gefin er einkunn í heilum og hálfum tölustöfum.

Markmið:

Stuðst verður við Aðalnámskrá grunnskóla. Yfirmarkmið er að nemendur:

- Geri sér grein fyrir mikilvægi jákvæðrar hegðunar og samskipta við aðra.
- Öðlist færni í að setja sig í spor annarra.
- Geti túlkað mismunandi tilfinningar.
- Þjálfist í að færa rök fyrir sínum skoðunum.
- Virði skoðanir og siði annarra.

Námsefni:

Ertu? – vinnubók í lífsleikni og ýmis gögn frá kennara

Kennslutilhögun:

Lífsleiknin er órofa þáttur í öllu starfi í skólanum. Kennslustundirnar verða ýmist í formi bekkjarfunda, einstakling- og hópvinnu og samvirknileikja. Sérstakir bekkjarfundir verða a.m.k. mánaðarlega án 6. bekkjar. Þættir sem þar verða til umræðu eru t.d. reglur, umburðarlyndi, samvinna, virðing við aðra og okkur sjálf. Á fundunum gilda strangar reglur um hegðun, þagnarskyldu og tryggt að allir taki þátt. Hér er vettvangur til að leysa deilu- og álitamál sem upp kunna að koma í skólanum. Einnig förum við í raunveruleika-leiki.

Heimanám:

Einstaka verkefni, ekki reglulegt.

Námsmat:

Umsagnar.

Markmið:

Að nemandinn öðlist færni í undirstöðuaðferðum fagsins, til eigin sköpunar og til skilnings á verkum annarra.

Nánar tiltekið:

- Myndbygging í fjarvídd, tvívídd og þrívídd, formi, áferð, lit, línu, ljós.
- Aðferð og tækni, s.s. málun, teiknun, grafík og mótun.
- Fá innsýn í íslenska myndlist, kynnist fjölbreytni nútímalistar, viti að til eru mismunandi stílar og stefnur í myndlist. Fræðist um myndlistamenn, einn íslenskan og einn erlendan.
- Hafi öðlast hæfni til umfjöllunar um myndlist.
- Skynja, greina og meta myndlist og leggja þannig grunn að persónulegu gildismati.

Námsefni:

Leir, þekjulitir, blek, vatnslitir, vaxlitir, tús slitir, trélitir, kol, krít, pastellitir, mismunandi pappír, lím, mismunandi blýantar, léreft, taulitir og efni úr náttúrunni. Námsbækur: Myndmennt I og II, myndlistarbækur og vefefni.

Kennslutilhögun:

Í myndmenntarkennslu er lögð áhersla á að ímyndunaraflíð og sköpunargleðin fái sem best að njóta sín. Nemendur vinna með vandaðar myndlistarvörur ásamt því að þeim er kennt að úr verðlausu efni má einnig búa til falleg listaverk. Nemendur fá þjálfun í meðferð áhalda, efna og umhirðu. Verk nemenda eru gjarnan hengd upp á vegg skólans og er það liður í því að kenna nemendum að bera virðingu fyrir og njóta eigin verka og annarra. Umræður um myndlist, listamenn, menningu, listasögu og fagurfræði fer fram í flestum tímum. Í kennslunni er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni.

Námsmat:

Námsmat byggir á vinnusemi og myndverkum með tilliti til frumkvæðis, verklags, hugmynda, útfærslu verka og frammistöðu.

Markmið:Úr eðlisvísindum:

Nemandi

- geri tilraunir sem sýna að hamur efnis fer eftir bræðslu- og suðumarki þess,
- geri athuganir sem sýna áhrif hitabreytinga á vatn, loft, jarðveg, lífveru,
- þekki að andrúmsloftið er samsett úr nokkrum efnum,
- geri athuganir sem sýna að massi efna varðveitist við efnabreytingar,
- geri athuganir sem sýna að hitaþensla efna er mismunandi,
- geri tilraunir sem sýna að leysni efna fer m.a. eftir hitastigi,

Úr jarðvísindum

Nemandi

- þekki hvaða kraftar halda lofthjúpunum við jörðina,
- geri sér grein fyrir áhrifum hafsins á mótun umhverfis, lífríki á jörðinni og neðansjávarlandslag,
- fjalli um áhrif ákveðinna hafstrauma á íslenskt veðurfar, veðurfar á jörðinni og lífsskilyrði,
- þekki mótunaráhrif jökla og áa á landslag og tengi við jarðsögu Íslands,
- geri sér grein fyrir hringrás vatns í umhverfi sínu,

Úr lífvísindum

Nemandi

- taki þátt í athugunum á lífríki á landi og kanni mismunandi þætti s.s. fjölbreytni plantna og dýra, fæðukeðjur, einkennisplöntur, áhrif umhverfisþátta s.s. jarðvegs, vatns, vinds, raka og hita, áhrif mannsins,
- fjalli um og geti borið saman mismunandi gróðurlendi s.s. votlendi, vallendi, skóglendi,
- geri athuganir í ferskvatni og kanni mismunandi þætti s.s. lífríkið, fæðukeðjur, áhrif umhverfisþátta s.s. birtu, hita, botnagerðar og framburðar og áhrif mannsins.

Námsefni:

Auðvitað 3, lífríkið í sjó, lífríki í fersku vatni, líf og leikur

Kennslutilhögun:

Aðal áherslan verður lögð á Auðvitað 3 og útikennslu. Stefnan er sú að fara minnst einu sinni í mánuði út að vinna allskonar verkefni en helst oftast. Hinum þrem bókunum verður fléttað saman við eftir þörfum.

Heimanám:

Heimanám verður einu sinni í viku a.m.k. Nemendur eiga að lesa heima og afla sér heimilda þegar við á, skoða vefsíður og vinna verkefni. Einkunn er gefin fyrir heimanám.

Námsmat:

Annareinkunn 40%, hópverkefni 20%, vinna í tímum 10%, heimanám 10%, útikennsla 20%

Markmið:

Saga. Að nemandi:

- Átti sig á mikilvægi sögulegrar þekkingar.
- Átti sig á tengslum nútíðar og fortíðar.
- Átti sig á því að sögunám getur aukið skilning á eigin umhverfi og manni sjálfum.
- Átti sig á að sagan skiptist í tímabil.
- Þekki til frönsku byltingarinnar og áhrifa hennar.
- Kynnist sögu Jóns Sigurðssonar.
- Þekki hugmyndir um sjálfstæði, þjóðerni og lýðræði.
- Þekki hlutskipti kvenna á ýmsum tímum og kvenfrelsisbaráttu.
- Þekki til breytinga á atvinnuháttum og húsakosti Íslendinga.
- Geti sett sig í spor jafnaldra frá fyrri tíð.

Landfræði. Að nemandi:

- Þekki á Evrópukorti nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða.
- Þekki hvernig landslag álfunnar hefur myndast og mótast, t.d. áhrif plötuhreyfinga við myndun Alpafjalla og áhrif veðrunar og rofs.
- Læri að lýsa megindrættum loftslags og gróðurfars allt frá norðurheimskauti að Miðjarðarhafi og áhrifum vinda og hafstrauma þar á.
- Þekki einstök menningarsvæði í Evrópu, t.d. Norðurlönd, Eystrasaltssvæðið og Norður-Evrópu.
- Afli sér upplýsinga um einstök lönd eða landsvæði eftir mismunandi leiðum, t.d. með bókum, dagblöðum, tölfraeðigögnum, kortum, netinu eða viðtölum
- Þekki helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast
- Átti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála þar sem t.d. mengun og loftslagsbreytingum verða ekki sett landfræðileg mörk.

Námsefni:

Evrópa
Kortabækur
Sögueyjan, 2. hefti

Myndbönd
Efni af veraldarvefnum
Efni frá kennara

Kennslutilhögun:

Fyrir jólf er verður unnið með námsbókina Sögueyjan eftir Leif Reynisson. Kennslan fer fram með stuttum innlögnum og umræðum með áherslu á virkni nemenda og sjálfstæði. Reynt verður að gera efni bókarinnar áhugavert með fjölbreyttum vinnubrögðum. Þar má t.d. nefna; ritunar-, myndmennta-, korta-, tímaás- og leiklistarverkefni. Nemendur velja sér viðfangsefni úr bókinni til að vinna verkefni í hópum þar sem þeir afla sér heimilda úr kennslubókum, bókasöfnum og af veraldarvefnum. Afraksturinn eða sérfræðiþekkingu sína kynna nemendur fyrir öðrum nemendum og foreldrum

Eftir jólf er verður landafræði Evrópu viðfangsefnið. Almenni hlutinn um landslag, gróður og veðurfar vinna allir nemendur, ýmis verkefni. Þá velja nemendur sér lönd, fræðast um þau og kynna með svipuðum hætti og söguna.

Heimanám:

Nemendur vinna að jafnaði heimanám fyrir samfélagsfræði, lesa um það námsefni sem fjallað er um hverju sinni og leysa verkefni.

Markmið:

Að nemandi:

- Geti smíðað vandaða gripi úr helstu smíðaeignum sem notuð hafa verið
- Fái góða innsýn í eiginleika helstu smíðaeigna.
- Geti unnið eftir teikningu sem gerð er í ákveðnum mælikvarða.
- Viti hvers vegna verklegt nám er jafn mikilvægt og bóklegt.

Námsefni:**Kennslutilhögun:**

Verkleg kennsla í smíðastofu.

Heimanám:

Ekki áætlað.

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Tekið er tillit til sjálfsmats nemenda. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því sem símat. Þá eru einnig verkefni nemenda metin.

Markmið:

Þungamiðja verður á að nemandi:

- Fáist við stærðfræðileg hugtök, nái að byggja upp sína eigin þekkingu.
- Þjálfist við að nota hugarreikning.
- Öðlist leikni í reikniáðgerðum og eflri talnaskilning sinn.
- Noti skapandi hugsun við úrlausnir í stærðfræði.
- Leysi verkefni í samvinnu við aðra nemendur.

Námsefni:

Geisli 3, vinnubækur 3A og 3B,

þemahefti,

Hringur 1, 2 og 3 ásamt einstökum verkefnum við hæfi hvers og eins.

Kennslutilhögun:

Lögð verður áhersla á fjölbreytt vinnubrögð með áherslu á daglegt líf. Nemendur þurfa að tjá sig bæði munnlega og skriflega.

Stærðfræði er skipt í 20 stig samkvæmt þróunarverkefni í Ingunnar- og Norðlingaskóla. Það hefur verið tekið upp í 6. og 7. bekk Auðarskóla. Miðað er við að nemendur ljúki tveimur stigum á ári. Stefnt er á að nemendur í 6. bekk ljúki við Geisla 2A (11. stig) og Geisla 2B (12. stig) og í 7. bekk Geisla 3A (13. stig) og 3B (14. stig). Hverju stigi er skipt upp í efnispætti, þegar nemandi fær nýja bók fær hann einnig markmiðablöð fyrir hvern efnispátt, á markmiðablöðunum eru viðeigandi markmið ásamt upplýsingum um blaðsíður sem á að reikna og ítarefni. Nemandinn merkir við þau markmið sem hann hefur náð.

Nemendur vinna sjálfstætt í stærðfræði en einnig verður bein kennsla í ákveðnum efnispáttum. Mismunandi er hvert nemendur eru komnir í námsefninu.

Farið verður í samstarf við 6. bekk einn tíma í viku.

Heimanám:

Þjálfunarverkefni við hæfi hvers og eins.

Námsmat:

Stærðfræði er metin með könnunum, munnlegum eða skriflegum, sem nemendur þreyta eftir að hafa lokið yfirferð ákveðinna þátta í stærðfræði. Til að fá að halda áfram á næsta þrep þurfa nemendur að ná 8 í hverri könnun fyrir sig. Tilgangurinn með þessu er að sjá strax á könnununum hvort nemendur hafa náð þeim markmiðum sem þeir hafa sett sér. Í lok hverrar bókar er lokapróf og þurfa nemendur einnig að ná 8 á lokaprófi til að geta haldið áfram yfir á næsta stig.

Markmið:

Á miðstigi er megináhersla lögð á færniþætti og að efla grunnkennslu helstu sundtaka. Á elsta stigi er megináhersla á að efla sundfærni á ýmsum sundaðferðum. Ennfremur að efla styrk og þol til að gera nemenda sem best undir það búinn að bjarga sér og öðrum á sundi. Sundstig 7

- 300m bringusund á innan við 10mín
- 15m björgunarsund með jafningja
- 50m skólabaksund, stílsund
- 8m kafisund, stílsund

Val á milli

- 50m bringusund á innan við 74 sek
- 25m skriðsund á innan við 32 sek

Námsefni:

Skólasund (Kennarahandbók), námsgagnamappa í skólasundi fyrir 1.-10. bekk og samkvæmt aðalnámskrá Grunnskóla íþróttir, líkams – og heilsurækt.

Kennslutilhögun:

Á miðstigi er megináhersla á æfingar sem tengja saman mismunandi sund-hreyfingar með og án áhalda. Ofangreindum markmiðum er reynt að ná fram í gegnum leik og léttar æfingar sem efla styrk, jafnvægi og þor.

Námsmat:

Ástundun, virkni og hegðun í tímum 50% og próf 50%. Gefið er fyrir stundstigin með umsögninni lokið/ólókið.

Markmið:

- Nemandi geti nýtt sér nokkrar vinnuaðferðir greinarinnar og geti beitt til þess einföldum áhöldum.
- Nemandi læri hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefninu og geti unnið eftir leiðbeiningum kennara.
- Nemandi geti nýtt sér handbækur og unnið eftir skriflegum leiðbeiningum.
- Nemandi þrói hugmynd að hlut, og útfæri skreytingar.
- Nemandi skoði og meti eigin verk og annarra út frá fagurfræði og rökstyðji matið.

Námsefni:

Nálar, heklunálar, þrjónar, garn, saumavél, tau, rennilásar, snið, litir og fleira þessu tengt.

Kennslutilhögun:

Nemendur læra að taka mál og taka upp snið. Nemendur vinna verkefni í útsaumi, þrjóni og hekli að eigin vali og eftir getu hvers og eins. Byrjað verður á skylduverkefni í vélsaumi með áframhaldandi þjálfun á saumavél í huga. Nemendur vinna einhver verkefni að eigin vali og frumkvæði. Nemendur sýni fram á skipuleg og vönduð vinnubrögð, vinni eftir skriflegum leiðbeiningum og noti heiti sem tengjast greininni. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti valið form, liti, efni og aðferðir út frá fagurfræði og hagnýti og rökstutt valið. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að umgangast efni og beita áhöldum á réttan hátt, bæði við vinnu og er þau ganga frá eftir sig.

Heimanám:

Ekkert

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Við mat á verkefnum nemenda er tekið tillit til þátta eins og framfara, sjálfstæðis, frumkvæðis og samstarfshæfni. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því undir símat. Tekið er tillit til sjálfsmats nemenda.

Markmið:

Að nemendur:

- Fái þjálfun í fingrasetningu á tölvu.
- Geti skeytt myndum inn í texta á tölvutæku formi.
- Þjálfist í notkun forrita s.s. Word, Power Point, Excel og Publisher.
- Fái þjálfun í að vista og sækja skjöl í tölvunni.
- Þjálfist í að nota leitarvél til upplýsingaöflunar.
- Þjálfist í notkun tölvupósts og þekki reglur um örugga netnotkun.

Námsefni:

Forritin Word, Power Point, Excel, Publisher og Netpóstur (visir.is/gmail.com), Google-leitarvél (google.is) og önnur forrit á netinu.

Heimanám:

Heimanám er lítið en stundum eru nemendur beðnir um að nýta sér heima það sem þeir hafa lært í skólanum, t.d. vélrita, senda tölvupóst o.þ.h.

Námsmat:

Þekkingarmat 60% og símat 40%.

8. bekkur

Öll markmið náms og kennslu byggja á markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Hægt er að finna Aðalnámskrá í heild sinni á vef Menntamálaráðuneytisins www.mrn.stjr.is (veljið hnappinn Námskrár).

Enska

8. b

Markmið:

Að nemandi:

- Geti skilið meginefnið þegar rætt er um málefni sem hann þekkir,
- geti skilið leiðbeiningar og nákvæm fyrirmæli t.d. um ferðalög,
- þjálfist í að hlusta markvisst eftir ákveðnum orðaforða,
- geti leitað ákveðinna upplýsinga í texta,
- geti lesið bókmenntaefni við hæfi sér til ánægju og beiti fjölbreyttum lestraraðferðum,
- geti skilið fyrirhafnarlítið fræðslu og skemmtiefni,
- nýti sér samhengi texta til að geta sér merkingu orða,
- geti skilið aðalatriði í sögu, frásögn og fréttatæfni (sem tengist áhugasviði nemenda)
- hafi góð tök á framburði,
- geti gert munnlega grein fyrir efni sem hann hefur notað,
- geti bjargað sér við algengar aðstæður í daglegu lífi, s.s. leitað sér aðstoðar, spurst fyrir og kunni að nota kurteisisorð í daglegum samskiptum, fái tilfinningu fyrir ábyrgð sinni á náminu og vinni markvisst að því að tileinka sér tungumálið,
- temji sér sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- Network 2, lesbók og vinnubók - Hópur A
- Spotlight, lesbók og vinnubók - Hópur B
- Bókmenntir; Oliver Twist
- Smásögur, breskar og amerískar
- Málfræði 1 2 3
- Ítarefni eftir þörfum

Kennslutilhögun:

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti eins og verklegar æfingar, samræður, sköpun, námsleiki, hópavinnu og tölvur og upplýsingatækni.

Heimanám:

Lesið og glósa kafla. Læra sagnir og málfræði til upprifjunar og lesið enskar bókmenntir.

Námsmat:

Símat; kannanir, ritgerð úr bókmenntum og glósupróf 40 %, ástundun og vinnusemi í tímum 20% og loka-annarpróf 40%.

Markmið:

Að nemendur þjálfist í lestri, tal- og ritmáli.
Að nemendur fái innsýn í undirstöðuatriði danskrar málfræði.
Að nemendur auki til muna skilning á töluðu máli.

Námsefni:

Tænk. Námsefni eftir Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Ernu Jessen.

Tænk vinnubók.

Dejlig Danmark.

Valdir leskaflar af ýmsum toga.

Hraðlestrarbækur.

Fjölfölduð verkefni í málfræði, gefið út af Námsgagnast.

Hringekja: Námsvefir, myndbönd, tónlist ofl.

Og det er Danmark! (myndbandsefni og verkefni) eftir Elísabetu Valtýsdóttur, Ernu Jessen og Hlín Pálsdóttur.

Efni frá kennara, myndbönd og tónlistadiskar.

Kennslutilhögun:

Lögð er áhersla á færniþættina fjóra; hlustun, talað mál, lestur og ritun. Nemendur lesa texta, upphátt og í hljóði, svara spurningum, glósa og skrifa stíla. Unnið verður með grunnnámsefnið en leitast verður við að tengja skapandi verkefni námsefninu. Að auki verður notað hlustunarefni, unnið með myndbandsverkefni og bíómyndir og söngvar nýttir þar sem við á.

Heimanám:

Heimanám verður a.m.k. tvisvar í viku. Áhersla er lögð á orðaforðauppbyggingu og glósuvinna. Nemendur þurfa að tileinka sér sér sjálfstæð vinnubrögð í tungumálanámi og því verður þeim hjálpað við þá skipulagsvinna. Einn stíll á viku í afmarkaðan tíma af námsönn er hluti af heimanámi. Heimanám er metið til einkunnar.

Námsmat:

Kannanir úr völdum köflum grunnlesbókar, heimastílar, vinnubækur, orðaforðakannanir, munnleg verkefni, heimavinna, ástundun og hegðun í kennslustund. Símat 50% og þekkingarmat 50%

Markmið:

- Nemandi á að geta notað einföld áhöld og tæki og vita hvað ber að varast við notkun þeirra.
- Nemandi temji sér að vinna í sátt og samlyndi.
- Nemandi temji sér hreinlæti í verki og beri ábyrgð á frágangi eftir sig.
- Nemandi fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum.
- Nemandi geri sér grein fyrir að góð næring er undirstaða góðrar heilsu.
- Nemendi þjálfist í einföldum aðferðum í matreiðslu, góðum vinnubrögðum og umgengni í samræmi við aukinn þroska.
- Nemendi auki skilning sinn á hollustu og heilbrigði og geti sýnt samábyrgð í verki.
- Nemendi þjálfist í að nota næringarefnatöflu og læri hugtök og orð tengd matargerð fyrr og nú.

Námsefni:

Heimilisfræði unglíngastig - uppskriftir
Heimilisfræði III
Námsefni af Veraldarvef
Fæðuhringurinn veggspjald
Ýmsar matreiðslubækur

Kennslutilhögun:

Nemendum er skipt í hópa og hver hópur fær skilgreint verkefni, oft skriflegt í formi ákveðinnar uppskriftar eða munnlegrar sem útheimtir leit í námsgögnum. Mikil áhersla er lögð á samvinnu nemenda innan hóps. Bókleg og verkleg verkefni.

Heimanám:

Ekkert

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Tekið er tillit til sjálfsmats nemenda. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því sem símat. Þá eru einnig verkefni og vinnubækur nemenda metnar.

Markmið:

- Að auka og efla málnotkun, orðaforða og ritfærni nemenda.
- Að efla lestur og lesskilning nemenda.
- Að auka og efla sjálfstæð vinnubrögð með aukinni notkun hjálpargagna t.d. tölvu og orðabóka.

Námsefni:

Skerpa 1
Finnur I,
Fallorð,
Skrifinnur,
Málfinnur,
Mályrkja I og II
Hrafnkells saga Freysgoða
Smásögur úr Mályrkju I og II
Ljóðspeglar og ljóðskýringar
Valbækur, kjörbækur, ljósrít ofl.
Netið

Kennslutilhögun:

Kennt er í lotum úr Skerpu 1 og Skerpu 2 allan veturinn. Ein lota í Skerpu stendur yfir í u.þ.b. fjórar vikur. Allir þættir íslenskunáms fá rúm í hverri lotu. Málfræði, stafsetning, ritun, framsögn og tjáning og lestur eru allt veigamiklir þættir sem nemendur eiga að fást við og fá þjálfun í.

Heimanám:

Heimanám verður a.m.k þrisvar í viku. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á sínu námi og eiga að sjá um að fylgja þeim markmiðum sem lögð eru fyrir í hverri lotu. Lögð er áhersla á að nemendur lesi töluvert og verður lesefnið margvíslegt. Lestur heima er því mikilvægur. Þjálfun réttitunar fer einnig fram heima fyrir. Mikilvægt er að nemendur fylgi gátlista Skerpu I.

Námsmat:

Símat 50% og þekkingarmat 50%.

Markmið:

Aðalmarkmið með íþróttakennslu á miðstigi er að auka styrk, þol og leikni nemenda í hinum ýmsu íþróttagreinum. Á elsta stigi eru nemendur þjálfaðir í að taka ábyrgð á eigin líkama og að taka sjálfstæðar ákvarðanir um val á leiðum til heilsuefningar þegar grunnskóla er lokið. Einnig er stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda til að fara eftir reglum og fyrirmælum.

Námsefni:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, íþróttir, líkams,- og heilsurækt 2007.

Kennslutilhögun:

Íþróttirnar skiptast í grófum dráttum niður í 50% leikir af ýmsum toga á mótum boltaleikjum og fimleikaæfingum. Kennsla fer fram í íþróttahúsinu á Laugum, Dalabúð og utnadyra í Búðardal og á Laugum. Skipting námsþátta í íþróttatímum veturinn 2011-2012 er í grófum dráttum eftirfarandi:

Ágúst-september : Útihlaup, útileikir, fjallganga, frjálssar íþróttir og hlaupapróf. Bókleg kennsla þar sem farið verður í eftirfarandi þætti: líffærafræði, bein og vöðvar, almenn atriði um líkamspjálfun.

Október-nóvember : Blak, fimleikar, leikir, stöðvapjálfun.

Desember-janúar : Fótbolli, fjölþrepapróf, leikfimiæfingar(kaðlar, hestur o.fl.)

Febrúar-mars : Körfubolti, badminton, frjálssar íþróttir(innan hús), leikir.

Apríl-maí : stöðvapjálfun, boltaíþrótt að vali bekkjar, útiþjálfun og fimleikakönnun.

Námsmat:

Ástundun, virkni og hegðun í tímum 50%, stöðugt mat allan veturinn. 50% ýmis próf og mælingar yfir veturinn. Gefin er einkunn í heilum og hálfum tölustöfum.

Markmið:

Yfirmarkmið er að nemendur:

- Geri sér grein fyrir mikilvægi jákvæðrar hegðunar og samskipta við aðra.
- Öðlist færni í að setja sig í spor annarra.
- Geti túlkað mismunandi tilfinningar.
- Þjálfist í að færa rök fyrir sínum skoðunum.
- Styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningarleg mörk sín gegn óæskilegu áreiti og misbeitingu.
- Virði skoðanir og siði annarra.
- Læri að íhuga á gagnrýninn hátt langanir sínar, væntingar og sérstöðu til að öðlast aukna sjálfsþekkingu.

Námsefni:

- Hvenær má ég hvað?, veggspjald frá umboðsmanni barna www.barn.is
- „Ef bara ég hefði vitað“ efni af vef Rauðakrossins, www.redcross.is og ýmis gögn frá kennara.

Kennslutilhögun:

Lífsleiknin er órofa þáttur í öllu starfi í skólanum. Kennslustundirnar verða ýmist í formi bekkjarfunda, einstakling- og hópvinnu og samvirknileikja. Bekkjarfundir verða a.m.k. á þriggja vikna fresti. Þættir sem þar verða til umræðu eru t.d. reglur, umburðarlyndi, samvinna, virðing við aðra og okkur sjálf. Á fundunum gilda strangar reglur um hegðun, þagnarskyldu og tryggt að allir taki þátt. Hér er vettvangur til að leysa deilu- og álitamál sem upp kunna að koma í skólanum.

Heimanám:

Einstaka verkefni, ekki reglulegt.

Námsmat:

Umsagnarmat.

Markmið:

Að þekkja líffærakerfi mannlíkamans, gerð og starfsemi, samspil og samsetningu.
Að þekkja flokkunarfræði, sögu hennar og núverandi flokkunarkerfi.
Að þekkja ríkin fimm sem algengast er að skipta lífverum í og lífverurnar sem þeim tilheyra.
Að geta lýst og skilgreint lífverur úr öllum fimm ríkjunum.

Námsefni:

Mannslíkaminn
Lífheimurinn
Myndbönd, ljósrit, netið, ofl.

Kennslutilhögun:

Kenndar eru þrjár stakar kennslustundir á viku. Kennt er bæði bóklegt og verklegt úr báðum kennslubókum. Unnið verður að gerð vinnubókar sem er hluti námsmats.

Heimanám:

Heimanám einu sinni í viku a.m.k. Nemendur afla upplýsinga, lesa heima og vinna verkefni.

Námsmat:

Símat; Virkni, vinnusemi, heimanám 35 %. Þekkingarmat; verkefni, vinnubók, kannanir, próf 65 %.

Markmið:

Að nemandinn öðlist færni í undirstöðuaðferðum fagsins, til eigin sköpunar og til skilnings á verkum annarra.

Nánnar tiltekið:

- Myndbygging í fjarvídd, tvívídd og þrívídd, formi, áferð, lit, línu og ljóss.
- Aðferð og tækni, s.s. málun, teiknun, grafík og mótun.
- Fá innsýn í íslenska myndlist, kynnist fjölbreytni nútímalistar, viti að til eru mismunandi stílar og stefnur í myndlist. Fræðist um myndlistamenn, einn íslenskan og einn erlendan.
- Hafi öðlast hæfni til umfjöllunar um myndlist.
- Skynja, greina og meta myndlist og leggja þannig grunn að persónulegu gildismati.

Námsefni:

Leir, þekjulitir, penslar, blek, vatnslitir, vaxlitir, tússlitir, trélitir, pastellitir, mismunandi pappír, lím, mismunandi blýantar, kol, krít, léreft, taulitir og efni úr náttúrunni.

Námsbækur: Myndmennt I og II, myndlistarbækur og vefefni.

Kennslutilhögun:

Í myndmenntarkennslu er lögð áhersla á að ímyndunaraflíð og sköpunargleðin fái sem best að njóta sín. Nemendur vinna með vandaðar myndlistarvörur ásamt því að þeim er kennt að úr verðlausu efni má einnig búa til falleg listaverk. Nemendur fá þjálfun í meðferð áhalda, efna og umhirðu. Verk nemenda eru gjarnan hengd upp á vegg skólans og er það liður í því að kenna nemendum að bera virðingu fyrir og njóta eigin verka og annarra. Umræður um myndlist, listamenn, menningu, listasögu og fagurfræði fer fram í flestum tímum. Nemendur vinna stutta frásögn um íslenskan eða erlendan listamann. Í kennslunni er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni.

Námsmat:

Námsmat byggir á vinnusemi og myndverkum með tilliti til frumkvæðis, verklags, hugmynda, útfærslu verka og frammistöðu.

Markmið:

Saga: Að nemandi:

- Þekki til heimastjórnartímabilsins 1904 – 1918 og atburða tengda því.
- Þekki til árána milli stríða 1918 – 1939.
- Þekki til seinna stríðsins (1939 – 1945) og hernámsáranna á Íslandi.
- Þekki til kalda stríðsins og þátttöku Íslands í því og afleiðinga.
- Þekki til upphafs stóriðju á Íslandi.
- Þekki til mannfjöldapróunar og byggðaröskun á Íslandi á 20. öld.
- Þekki fiskveiði- og útgerðarsögu Íslands.
- Þekki til félagshreyfingarinnar og menntunarsögu Íslands á 20. öld.
- Þekki til dægurmennningar á Íslandi á 20. öld.
- Átti sig á að misjafnar skoðanir voru um framtíð landsins á 20. öld og mikil átök um mörg mál.

Landafræði: Að nemandi:

- Þekki á heimskorti heimsálfurnar og helstu úthöf, fjallgarða og fljót.
- Þekki til bauganetsins og hugtaka tengd því.
- Læri að vinna með upplýsingar í kortabók.
- Þekki til sögu jarðar.
- Þekki helstu hugtök landafræðinnar, s.s. innræn öfl, útræn öfl, veðrun, rof, vindar, straumar, úrkoma, o.fl. og geti notað þau og útskýrt.
- Þekki til auðlinda jarðarinnar.
- Geti tekið þátt í umræðum og sagt sínar skoðanir á því er tengist landafræði.

Námsefni:

Úr sveit í borg
Landafr. handa ungl. 1. hefti
Myndbönd
Braggabúar
Saga 20. aldar

Vinnubækur
Verkefni frá kennara
Efni af veraldarvefnum
kortabækur

Kennslutilhögun:

Kennt verður í lotum. Á 1. önn verður kennd landafræði, á 2. önn landafræði til hálfis á móti sögu og á 3. önn saga. Nemendur lesa heima eða í tíma og vinna verkefni frá kennara eða vinnubækur. Könnun verður í lok hvers kafla. Nemendur vinna ýmist einir eða í litlum hópum.

Heimanám:

Verður í hverri viku, mesti í formi lestrar en einnig verkefni.

Námsmat:

Próf og kannanir	35%
Verkefni	25%
Heimavinna	10%
Ástundun og áhugi	10%
Ritgerð eða stórt verkefni	20%

Markmið:

Að nemandi:

- Geti smíðað vandaða gripi úr helstu smíðæfnum sem notuð hafa verið.
- Hafi fengið góða innsýn í eiginleika helstu smíðæfna.
- Geti unnið eftir teikningu sem gerð er í ákveðnum mælikvarða.
- Viti hvers vegna verklegt nám er jafn mikilvægt og bóklegt.

Námsefni:**Kennslutilhögun:**

Verkleg kennsla í smíðastofu

Heimanám:

Ekkert.

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Við mat á verkefnum nemenda er tekið tillit til þátta eins og framfara, sjálfstæðis, frumkvæðis og samstarfshæfni. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því undir símat. Tekið er tillit til sjálfsmats nemenda.

Markmið:

Nemendur læri tungumál stærðfræðinnar og geti nýtt það í leik, starfi og frekara námi. Þrepa- og áfangamarkmið aðalnámskrár liggja til grundvallar kennslunni samkvæmt landslögum. Efnisatriði eru eftirfarandi:

- Tölur, reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat
- Hlutföll og prósentur
- Rúmfraedi og mælingar
- Algebra
- Tölfræði og líkindareikningur

Námsefnið er bæði viðamikilið og þungt og mikilvægt er að vinna jafnt og þétt alla vikuna og allt skólaárið. Áhersla er á að nemendur séu sjálfstæðir í vinnubrögðum og beri ábyrgð á eigin námi. Allir nemendur vinna með helstu grunnatriði í hverjum efnisþætti en framhaldið er svo sem mest einstaklingsmiðað. Nemendur skulu ávallt vera með vasareikni.

Námsefni:

- Átta-tíu 1 og 2
- Almenn stærðfræði I
- Tölvuforrit og efni af netinu
- Ítar- og aukaefni frá kennara

Kennslutilhögun:

Námsefnið Átta-tíu og Almenn stærðfræði er aðalnámsefnið. Unnið er eftir lotum og nemendur vinna sjálfstætt. Kröfur eru um að ljúka ákveðnu magni af lotum og standast próf úr þeim. Á föstudögum er gefin út vikuáætlun í stærðfræði og miðast skil á henni almennt við næsta föstudag. Í tímum verður bland af töflukennslu og einstaklingsvinnu og hver nemandi ber ábyrgð á að halda áætlun í stærðfræði. Ef unnið er jafnt og þétt yfir vikuna er lítil heimavinna í lotunni en þó yfirleitt einhver.

Heimanám:

Nemandi ber ábyrgð á að halda áætlun í stærðfræði og gæti því þurft að vinna að henni heima.

Heimadæmi eru einu sinni til tvisvar í mánuði.

Námsmat:

Annareinkunn er reiknuð út frá:

- annarprófi 50% – próf úr öllu efni annarinnar.
- kaflakönnunum 30% – meðaltal kannanna úr efni hvers kafla.
- heimavinnu 10% – skil
- sjálfsmat 10%.

Námsmat á miðönn er frábrugðið að uppfylltum vissum skilyrðum. Ef meðaleinkunn úr kaflakönnunum er 8,5 eða hærri og heimavinna og ástundun er góð, má nemandi sleppa við annarpróf. Yfirferð á námsefni þarf að vera góð.

Miðannareinkunn er þá reiknuð út frá:

- kaflakönnunum 80% – meðaltal kannanna úr efni hvers kafla.
- heimavinnu 10% – skil
- sjálfsmati 10%.

Markmið:

Á elsta stigi er megináhersla á að efla sundfærni á ýmsum sundaðferðum. Ennfremur að efla styrk og þol til að gera nemendur sem best undir það búinn að bjarga sér og öðrum á sundi.

Sundstig 8

- 400m sund, frjáls aðferð, viðstöðulaust,
- 25m skriðsund, stílsund,
- 25m baksund, stílsund,
- Troða marvaða í 1 mín,
- 50m bringusund á innan við 67 sek,
- 25m skriðsund á innan við 30 sek,
- Synt að hlut í miðri laug, kafað eftir honum á allt að 2m dýpi, æfing síðan endurtekin 10 sek. síðar

Námsefni:

Skólasund (Kennarahandbók), námsgagnamappa í skólasund fyrir 1.-10. bekk og samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla íþróttir, líkams – og heilsurækt.

Kennslutilhögun:

Á miðstigi er megináhersla á æfingar sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar með og án áhalds. Á elsta stigi er aukin áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, álag er aukið umtalsvert frá miðstigi. Neðangreindum markmiðum er reynt að ná fram í gegnum leik og léttar æfingar sem efla styrk, jafnvægi og þor.

Námsmat:

Ástundun, virkni og hegðun í tímum 50% og próf 50%. Gefið er fyrir stundstigin með umsögninni lokið/ólókið.

Markmið:

- Nemandi geti nýtt sér mismunandi aðferðir textílgreinarinnar og þjálfist í að velja verkefni í samræmi við getu, langanir og þarfir.
- Nemandi læri hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefninu og geti unnið eftir leiðbeiningum kennara.
- Nemandi geti nýtt sér handbækur, unnið eftir skriflegum leiðbeiningum og nýtt sér orðaforða textílgreinarinnar.
- Nemandi tileinki sér vandvirkni og góða umgengni.
- Nemandi þrói hugmynd að hlut, og útfæri skreytingar.
- Nemandi skoði og meti eigin verk og annarra út frá fagurfræði og rökstyðji matið.

Námsefni:

Nálar, heklunálar, þrjónar, garn, saumavél, tau, rennilásar, snið, litir og fleira þessu tengt.

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna flóknari verkefni en áður, ýmist sem skyldustykki eða verkefni að eigin vali og eftir getu hvers og eins. Nemendur sýni frumkvæði við verkefnaval og skipuleggi eigin vinnuferli. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti valið form, liti, efni og aðferðir og rökstutt valið. Nemendur sýna fram á skipuleg og vönduð vinnubrögð og nota hugtök og heiti textílgreinarinnar. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að umgangast efni og beita áhöldum á réttan hátt, bæði við vinnu og er þau ganga frá eftir sig.

Heimanám:

Ekkert

Námsmat:

Námsmat verður byggt á ástundun og hegðun í tímum, vinnubrögðum og vandvirkni. Við mat á verkefnum nemenda er tekið tillit til þátta eins og framfara, sjálfstæðis, frumkvæðis og samstarfshæfni. Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn og flokkast því undir símat. Tekið er tillit til sjálfsmats nemenda.

Markmið:

Að nemendur:

- fái þjálfun í fingrasetningu á tölvu,
- geti skeytt myndum inn í texta á tölvutæku formi,
- þjálfist í notkun forrita s.s. Word, Excel og Publisher.
- vinni með ljósmyndir.
- fái þjálfun í að vista og sækja skjöl í tölvunni
- þjálfist í að nota leitarvélar til upplýsingaröflunar
- þjálfist í notkun tölvupósts og þekki reglur um örugga netnotkun.

Námsefni:

- Word fyrir unglingastig, Ritfús (dagbókarverkefni)
- Excel fyrir unglingastig fyrri hluti
- Power Point
- Publisher
- Netpóstur (visir.is/gmail.com),
- Google-leitarvélin (google.is)
- önnur forrit á netinu.

Heimanám:

Heimanám er lítið en stundum eru nemendur beðnir um að nýta sér heima það sem þeir hafa lært í skólanum, t.d. vélrita, senda tölvupóst o.þ.h.

Námsmat:

Þekkingarmat 60% og símat 40% (Verkefni 15%, ástundun og hegðun 20%, heimavinna 5%).

Þekkingarmat skiptist þannig: Lokapróf 40% og kannanir og verkefni 20%.

9. bekkur

Öll markmið náms og kennslu byggja á markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Hægt er að finna Aðalnámskrá í heild sinni á vef Menntamálaráðuneytisins www.mrn.stjr.is (veljið hnappinn Námskrár).

Enska

9. b

Markmið:

Að nemandi:

- Geti skilið meginefnið þegar rætt er um málefni sem hann þekkir.
- Geti skilið leiðbeiningar og nákvæm fyrirmæli t.d. um ferðalög.
- Þjálfist í að hlusta markvisst eftir ákveðnum orðaforða.
- Geti leitað ákveðinna upplýsinga í texta.
- Geti lesið bókmenntaefni við hæfi sér til ánægju og beiti fjölbreyttum lestraraðferðum.
- Geti skilið fyrirhafnarlítið fræðslu og skemmtiefni.
- Nýti sér samhengi texta til að geta sér merkingu orða.
- Geti skilið aðalatriði í sögu, frásögn og fréttæfni (sem tengist áhugasviði nemenda).
- Hafi góð tök á framburði.
- Geti gert munnlega grein fyrir efni sem hann hefur lesið um, hlustað á eða horft á.
- Geti bjargað sér við algengar aðstæður í daglegu lífi, s.s. leitað sér aðstoðar, spurst fyrir og kunni að nota kurteisisorð í daglegum samskiptum.
- Fá tilfinningu fyrir ábyrgð sinni á náminu og vinni markvisst að því að tileinka sér tungumálið.
- Temji sér sjálfstæð vinnubrögð.

Námsefni:

Network 2, lesbók og vinnubók - Hópur A
Spotlight, lesbók og vinnubók - Hópur B
Bókmenntir; Oliver Twist
Smásögur, breskar og amerískar
Málfræði 1 2 3
Ítarefni eftir þörfum

Kennslutilhögun:

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti eins og verklegar æfingar, samræður, sköpun, námsleiki, hópavinnu og tölvur og upplýsingatækni.

Heimanám:

Lesið og glósa kafla. Læra sagnir og málfræði til upprifjunar og lesið enskar bókmenntir.

Námsmat:

Símat; kannanir, ritgerð úr bókmenntum og glósupróf 40 %, ástundun og vinnusemi í tímum 20% og loka-annarpróf 40%.

Markmið:

- Að nemendur þjálfist í lestri, tal- og ritmáli.
- Að nemendur fái innsýn í undirstöðuatriði danskrar málfræði.
- Að nemendur auki til muna skilning á töluðu máli.

Námsefni:

Tænk. Námsefni eftir Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Ernu Jessen.

Tænk vinnubók.

Dejlig Danmark.

Valdir leskaflar af ýmsum toga.

Hraðlestrarbækur.

Fjölfölduð verkefni í málfræði, gefið út af Námsgagnast.

Hringekja: Námsvefir, myndbönd, tónlist ofl.

Og det er Danmark! (myndbandsefni og verkefni) eftir Elísabetu Valtýsdóttur, Ernu Jessen og Hlín Pálsdóttur.

Efni frá kennara, myndbönd og tónlistadiskar.

Kennslutilhögun:

Lögð er áhersla á færniþættina fjóra; hlustun, talað mál, lestur og ritun.

Nemendur lesa texta, upphátt og í hljóði, svara spurningum, glósa og skrifa stíla.

Unnið verður með grunnnámsefnið en leitast verður við að tengja skapandi verkefni námsefninu. Að auki verður notað hlustunarefni, unnið með myndbandsverkefni og bíómyndir og söngvar nýttir þar sem við á.

Heimanám:

Heimanám verður a.m.k. tvisvar í viku. Áhersla er lögð á orðaforðauppbyggingu og glósuvinnu. Nemendur þurfa að tileinka sér sér sjálfstæð vinnubrögð í tungumálanámi og því verður þeim hjálpað við þá skipulagsvinnu. Einn stíll á viku í afmarkaðan tíma af námsönn er hluti af heimanámi. Heimanám er metið til einkunnar.

Námsmat:

Kannanir úr völdum köflum grunnlesbókar, heimastílar, vinnubækur, orðaforðakannanir, munnleg verkefni, heimavinna, ástundun og hegðun í kennslustund. Símat 50% og þekkingarmat 50%

Markmið:

- Nemandi geti nýtt sér mismunandi aðferðir textílgreinarinnar og þjálfist í að velja verkefni í samræmi við getu, langanir og þarfir.
- Nemandi læri hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefninu og geti unnið eftir leiðbeiningum kennara.
- Nemandi geti nýtt sér handbækur, unnið eftir skriflegum leiðbeiningum og nýtt sér orðaforða textílgreinarinnar.
- Nemandi tileinki sér vandvirkni og góða umgengni.
- Nemandi þrói hugmynd að flík, útfæri skreytingar og saumi flíkina.
- Nemandi skoði og meti eigin verk og annarra út frá fagurfræði og rökstyðji matið.

Námsefni:

Nálar, heklunálar, prjónar, garn, saumavél, tau, rennilásar, snið, litir og fleira þessu tengt.

Kennslutilhögun:

